

HELGA ARNALDS

Eftirlætishluturinn er brúða frá árinu 1918

Heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI

Nútími eða rómantik í svefnherberginu

Sérblað um híbýli og svefnherbergi
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Ertu að spá í að selja?
Frítt söluverðmat

RE/MAX
Torg



Valur Blomsterberg
Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Lögfulltrúi Fasteigna
fyrirtækja og skipasali

FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR

FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

10. mars 2008 – 69. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Ekki í samkeppni

Björgvin Halldórsson segist ekki í samkeppni við Bubba um tónleikagesti í Köben, en þeir spila þar báðir á árinu.

FÓLK 34



Tvítug Sál

Sálin hans Jóns míns miðar afmælisdaginn við fyrstu tónleika hljómsveitarinnar, sem fram fóru í Bíókjallaranum fyrir tuttugu árum.

FÓLK 25



Enginn kotungsbragur í Suðursveit

Afmælisþing á Hala í Suðursveit í tilefni þess að 120 ár eru liðin frá fæðingu Þórbergs Þórðarsonar.

TÍMAMÓT 20


Fimmtán ár í röð

Sigurganga Guðmundar

Stephensen á Íslandsmótinu í borðtennis hefur staðið frá árinu 1994.

ÍPRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVÍÐRI í dag verður hæg breytileg átt. El á Vestfjörðum, annars skýjað með köflum og stöku el með ströndum. Hiti nálægt frost-marki.

VEDUR 4

Þorskmarkaðir geta tapast til Norðmanna

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að ráðast verði í að stórefla þorskeldi. Annars geti markaðir tapast til Norðmanna. Sjávarútvegsráðherra Noregs telur að rými sé fyrir alla því eftirspurn sé miklu meira en framboðið.

FISKELDI Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur að ef Íslendingar taka ekki „risaskref“ í þorskeldi þá geti forskot tapast á mörkuðum sem tók áratugi að vinna. Norðmenn hugsa sér gott til glóðarinnar því eldismenn þar í landi eru langt á undan í eldistækni og Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, er þess fullviss að þorskeldi muni skipa stóran sess í Noregi á næstu árum.

Helga Pedersen segir í viðtali

við Fréttablaðið að norsk stjórnvöld hafi miklar væntingar til eldis-manna. Framtíðarsýn deilir hún með framleiðendum og fjárfestum þar sem horft er til hundruð þús-unda tonna framleiðslu innan ára-tugar. Helga segir fiskeldi vera byggðamál í augum stjórnvalda í Noregi.

Einar K. Guðfinnsson deilir þeirri sýn með norskum kollega sínum að þorskeldi varði dreifðari byggðir fyrst og fremst. Í því ljósi

segir Einar að stjórnvöld og fisk-eldismenn þurfi að taka ákvörðun um hvert framhaldið verði.

„Ef við látum þetta fara fram hjá okkur þá eru allar líkur á því að Norðmenn muni skapa sér yfir-burðastöðu á mörkuðum fyrir allan þorsk. Ef við ætlum ekki að láta ryðja okkur út af mörkuðum þá er að mínu mati alveg óhjákvæmilegt að við tökum næsta skref. Það er að stórefla þorskeldið.“

- shá / sjá síðu 14



ÚRSILÍTA BEDIÐ Útgönguspár bentu í gærkvöld til þess að Zapatero verði forsætisráðherra eitt kjörtímabil í viðbót.

Þingkosningar á Spáni:

Sósíalistastjórnin heldur velli

SPÁNN, AP Fyrstu tölur og útgönguspár úr þingkosningunum á Spáni í gær bentu eindregið til þess að sósíalistinn Jose Luis Rodriguez Zapatero verði forsætisráðherra landsins eitt kjörtímabil í viðbót.

Tæplega virtist Sósíalista-flokkurinn þó ætla að ná 176 þingsætum, sem þarf til að hafa meirihluta á þingi. Þegar 10 prósent atkvæða höfðu verið talin voru sósíalistar með 173 þingmenn en Lýðflokkur Marianos Rajoys með 136.

Zapatero vann stórsigur fyrir fjórum árum þegar kosningar voru haldnar aðeins fáeinum dögum eftir hryðjuverkin í Madrid 11. mars. - gb

Ástfangnir öldungar:

199 ára þar í hnapphelduna

ÍTALÍA Hundrað og eins árs gamall ítalskur karlmaður og níutíu og átta ára gömul kærasta hans ætla að ganga í það heilaga í apríl. Ástarsamband þeirra hefur staðið yfir í 56 ár.

Giuseppe Rebaudi er kvensjúk-dómalæknir sem sestur er í helgan stein, en hann féll fyrir kærustunni sinni, hinni frónsku Silvie Basain, árið 1952. Hún segist þó óttast að þau séu að flýta sér of mikið.

„Við höfum bara verið saman í rúmlega hálfa öld,“ segir Silvie. „Þetta hefur kannski gerst full hratt, en maður er nú bara ungur einu sinni.“ - sgj



BEST SNYRTUR Finnski, dómariinn, Kristiina Rautio, skoðar Nátthaga Galileó á kattasýningu Kynjakatta sem fram fór í gær. Nátthaga Galileó var valinn best snyrti stutthærði kötturinn. Hann er af Bengal kyni og feldurinn er marmarabröndóttur.

Mikið fjör á kattasýningu Kynjakatta, kattaræktarfélag Íslands, um helgina:

Dásamar gæði íslenskra katta

DÝRAHALD „Það er feikilega gaman fyrir okkur kattaáhugafólk, að sjá alla þessa ketti og hitta fólk með sama áhugamál,“ segir Marteinn T. Tausen, formaður Kynjakatta, kattaræktarfélag Íslands, sem hélt kattasýningu í reiðhöll Gusts í Kópavogi um helgina.

„Sýningar sem þessi hafa verið haldnar frá árinu 1990, nú seinni ár tvisvar á ári, og alltaf dæma erlendir dómara.“ Að þessu sinni voru dómara Eiwor Andersson frá Svíþjóð, Kristiina Rautio frá Finnlandi og Lone Lund frá Danmörku.

Kristiina er mjög hrifin af íslenskum köttum en bendir á að mjög erfitt sé að rækta ketti á Íslandi þar sem hér gildi strangar reglur um innflutning á dýrum. Hún segir íslenska ketti vera í hæsta gæðaflokki og flesta þá ketti sem hún sá á sýningunni um helgina vel geta keppt á stóru sýningunum á Norðurlöndunum.

Marteinn segir að 116 kettir hafi verið skráðir til leiks en keppt var í fjórum flokkum. Auk þess voru kettir frá Kattholti í heimilisleit á sýningunni en þeir tóku ekki þátt í keppinni. - ovd

OPIÐ
til 20

alla daga
í öllum
verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
SUBWAY 329 kr.
Gildir 1. mars 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnum

Caleido
Handklæðaofnar
Tengi
Nýtt
Opíð virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15
tengi.is
Smiðjuvegi 76 Kópavogi
Baldursnesi 6 Akureyri

SPURNING DAGSINS



Guðfríður, var Spasskí hrókur alls fagnaðar?

„Nei, hann var drottning dagsins.“

Boris Spasski, fyrrverandi heimsmeistari í skák, er á landinu í tilefni af Alþjóðlegri skákhátíð í minningu Bobbys Fischer. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir er forseti Skáksambands Íslands.

Sprenging í Stokkhólmi: Tílræðismaður var handtekinn

SVIPIÓÐ Eldsnemma í gærmorgun sprakk öflug sprengja í Vasastan-hverfinu í Stokkhólmi, svo fólk hrökk upp með andfælum og minnst sprengjuárásar á svipuðum stað árið 2004.

Tugir rúða brotnuðu í húsum við Surbrunnsgötu og var götunni lokað strax og lögregla kom á vettvang.

Lögreglan handtók fljótlega 29 ára gamlan mann sem er grunaður um verknadinn.

Sprengjan sprakk undir bifreið, sem er í eigu fyrirtækis sem rekur nokkra skemmtistaði í miðborg Stokkhólms.

Réttindalaus undir áhrifum: Sofnaði og ók á sendibifreið

LÖGREGLUMÁL Ökumaður bifreiðar sofnaði og missti stjórn á bifreið sinni rétt vestan við Kúagerði á Strandaheiði á Reykjanesbraut í gærmorgun.

Lenti bifreið mannsins utan í sendibifreið sem hann ók á eftir, en ökumaður hennar náði með snarræði að koma í veg fyrir frekara tjón. Var maðurinn fluttur á lögreglustöð til skýrslu- og sýnatöku þar sem grunur þótti á að hann væri undir áhrifum fíkniefna.

Fékk hann að fara heim eftir að hafa sofið úr sér vímunu. Reyndist hann einnig sviptur ökuréttindum.

HVÍTA-RÚSSLAND

Sendiherra vísað úr landi

Stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi hafa rekið sendiherra Bandaríkjanna úr landi og kallað eigin sendiherra heim frá Washington. Aðgerðirnar eru viðbrögð stjórnar Lúkasjenkos forseta, við ásökunum bandarískra stjórnvalda um einræðisstjórnarhætti.

Lagaprófessor segir að almannatengsl Íslenskra dómstóla þurfi að efla:

Dómstólar kynni sig betur

DÓMSMÁL Dómstólar á Íslandi þurfa að efla almannatengsl sín, rétt eins og aðrar stofnanir og fyrirtæki hafa gert á undanföllum árum, segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að dómara ættu að tjá sig meira um dómara-störfin á opinberum vettvangi. Eiríkur tekur undir þetta viðhorf Jóns Steinars.

„Þeir verða þó að varast að fjalla um einstök dómsmál. Þeir mega ekki dragast inn í pólitískar umræður og dægurmál, því þá teljast þeir ekki lengur sjálfstæðir

og óvilhallir,“ segir Eiríkur. „Í fyrsta lagi eiga dómaramenn að tala í gegnum dómana sjálfa og rök-stýðja úrlausnir sínar betur.“

Dómstólar hófu fyrir nokkrum árum að birta niðurstöður sínar á netinu. Eiríkur segir það hafa verið gott skref. Einnig gætu dómstólarnir ráðið sér almannatengsla-fulltrúa eða fjallað reglulega um þróun dómsmála í fjölmiðlum.

„Mér finnst opin og almenn umræða um niðurstöður dómsmála vera af hinu góða og í henni eiga að taka þátt bæði dómara, lög-menn og aðrir lögfræðingar,“ segir Helgi Jóhannesson, formaður Lögmannafélags Íslands.



EIRÍKUR TÓMASSON

HELGI JÓHANNESSON

„Dómari á hins vegar að gæta þess að ræða ekki opinberlega um dóm sem hann kvað upp sjálfur.“ -sgj

Sæti fjögurra ára fangelsi:

Dæmdur sekur um nauðgun

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands dæmdi á föstudaginn Andrzej Kisiel í fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa nauðgað konu í porti bakvið hús eftir dansleik í Vestmannaeyjum.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að Andrzej hafi gerst sekur um hrottafengna árás á kynfrelsi konunnar með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir hana. Hafi hún ekki enn getað hafið fullt starf eða einbeitt sér að námi. Þá er honum gert að greiða konunni tvær milljónir í miskabætur, auk vaxta, sem og allan sakarkostnað sem samtals nemur rúmri einni og hálfri milljón króna.

Áformað að byggja við Stjórnarráðið

Tillaga að breyttu deiliskipulagi baklödvar stjórnarráðshússins hefur velkst í skipulagskerfi Reykjavíkur í á fjórða ár. Forsætisráðuneytið vill byggja á löðinni enda hefur starfsemin fyrir löngu sprengt húsið utan af sér.

STJÓRNSÝSLA Lítið hefur þokast í þeim áformum stjórnvalda að reisa viðbyggingu við stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Starfsemi forsætisráðuneytisins hefur fyrir löngu sprengt húsnæðið utan af sér og leigir ráðuneytið samtals þrjár hæðir í húsunum við Hverfisgötu 4a og Hverfisgötu 6.

Nokkuð er um liðið síðan Framkvæmdasýsla ríkisins mat þá kosti sem í boði eru um framtíðarhögum húsnæðismála ráðuneytisins. Athuguð var hagkvæmni óbreytts ástands, kaup á núverandi leiguhúsnæði og nýbygging á baklöd stjórnarráðshússins. Leiddi athuginin í ljós að síðastnefndi kosturinn væri ódýrastur.

Tillaga að breytingu á stjórnarráðsreitnum hefur verið til meðferðar í borgarkerfinu síðan 2004 án þess að hafa mjakast mikið áfram. Þó lét Ólafur F. Magnússon, sem þá var áheyrnarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra í skipulagsráði, bóka á fundi í júlí 2006 að tillaga sem þá var til meðferðar gerði ráð fyrir of miklu byggingamagni. „Bygging á bak við stjórnarráðsbyggingu ætti ekki að vera meiri en tvær hæðir og skápak myndi laga hana betur að útliti stjórnarráðshússins og Bankastrætis 3,“ lét Ólafur bóka.

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um stærð eða útlit viðbyggingarinnar. „Það þarf að kanna hvaða svigrúm er fyrir hendi,“ segir Bolli. Þaðan af síður hafi kostnaður verið metinn. „Næst á döfinni er að dusta rykið af hugmyndum okkar og tala við Reykjavíkurborg.“



BAKHLIÐ STJÓRNARRÁÐSHÚSSINS Áform eru uppi um að reisa viðbyggingu á baklöd Stjórnarráðsins. Málið hefur velkst í nokkur ár innan borgarkerfisins en ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins segir næst á dagskrá að dusta rykið af hugmyndunum og tala við Reykjavíkurborg.

BROT ÚR SÖGU STJÓRNARRÁÐSHÚSSINS

Húsið var hannað og reist sem tugthús og lauk smíðinni 1771. Rúmaði það 16 stórglæpamenn og 54 venjulega fanga. 1816 var tugthússtarfseminni hætt og fjórum árum síðar varð húsið embættisbústaður stiftamtmanns. Landshöfðingjar höfðu aðsetur í húsinu 1873 til 1904 þegar heimastjórnin tók við og

Auk þess að rúma ekki starfsemi forsætisráðuneytisins með góðu móti stendur húsakosturinn lögbundinni skjalavörslu og nauðsynlegri öryggisvörslu fyrir þrifum. Þá er aðgengi fatlaðra að ráðuneytinu takmörk sett og í raun á undanþágu.

Bolli segir engar tímasetningar á framkvæmdum liggja fyrir en ljóst sé að verkjöldi tvi til þrjú ár. Því muni fylgja talsvert röt og

það varð stjórnarráðshús. Um tíma höfðu allir þrjú ráðherrar Íslands skrifstofur í húsinu og síðar forseti Íslands í um tuttugu ár. Húsinu hefur verið breytt talsvert í áronna rás, jafnt að utan sem innan.

HEIMILD: ÚR SAMANTEKT ÞORSTEINS GUNNARSSONAR Á FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

rask og ekki úr vegi að ætla að einhverjar fornminjar kunni að koma í ljós ef og þegar ráðist verði í framkvæmdir.

Baklöd stjórnarráðshússins - sem að einum þriðja hluta er bílastæði en annars gras - er að mestu í eigu ríkisins en einhver hluti hennar tilheyrir húsinu við Bankastræti 3 þar sem verzlunin Stella er.

bjorn@frettabladid.is



SAMDHONG RINPOCHE Forsætisráðherra útlagastjórnar Tíbet í Dharamsala á Indlandi.

Útlagar frá Tíbet mótmæla: Ganga frá Indlandi til Tíbet

INDLAND, AP Hundruð útlaga frá Tíbet leggja af stað í dag í mótmælagöngu frá Indlandi til Tíbet. Með göngunni vilja þeir mótmæla bæði innlimun Tíbet í Kína og því að Kína haldi Ólympíuleikana í sumar.

Tíbetarnir reikna með að verða hálf tálfrá á leiðinni frá Dharamsala á Indlandi alla leið upp til Tíbet, þar sem haldið verður yfir landamærin til Tíbet um það leyti sem Ólympíuleikarnir hefjast í Kína.

Gangan verður aðeins ein af fjölmörgum mótmælaaðgerðum sem skipulagðar hafa verið í aðdraganda Ólympíuleikanna.

LÖGREGLUFRETTIR

Ökulagabrot á Selfossi

Lögreglan á Selfossi handtók fjóra ökumenn fyrir ölvunarakstur og einn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna um helgina. Voru ökumenn fluttir til skýrslu- og sýnatöku á lögreglustöð en fengu að fara að því loknu. Málin eru í rannsókn.

Ungir ölvaðir ökumenn

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók niú ökumenn fyrir ölvunarakstur aðfaranótt laugardagsins. Atta þeirra voru karla á aldrinum 18 til 27 ára. Ein kona, 22 ára var meðal þeirra sem lögreglan stöðvaði.

Stórmeistarinn Boris Spasskí er svartsýnn á framtíð skákíþróttarinnar:

Tölvurnar drápu klassíska skák

SKÁK „Mín skoðun er að tölvur hafi drepit sigilda skák,“ segir Boris Spasskí, fyrrverandi heimsmeistari í skák, sem er á landinu í tilefni af Alþjóðlegri skákhátíð í minningu Bobbys Fischer.

Spasskí teflir lítið þessa dagana, nema til hátíðarbragða. „Ég er mjög svartsýnn á framtíð skákíþróttarinnar og í raun lífsins sjálfs,“ segir Spasskí. „Ég kenni börnun skák og reyni að sýna þeim hvernig hægt sé að nota tölvur sem þjón í skákinni.“

Fjórir stórmeistarar tefla á sérstöku minningar-móti um Fischer sem fram fer á þriðjudag. Í gær undirrituðu Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands, og Lárus Welding, forstjóri Gltinis, samstarfssamning um stuðning við skákíþróttina á Íslandi.

Fischer og Spasskí háðu einvígi um heimsmeistararitilinn í Reykjavík árið 1972 og beið Spasskí lægri hlut. Hann segir að heimsmeistararitilinn í skák hafi verið gjaldfelldur síðari ár og að Garrí Kasparov hafi verið seinasti „klassíski“ heimsmeistarinn í skák.

Spasskí minnst Bobbys Fischer vinar síns með



HÁTÍÐARDAGSKRÁ TIL HEIÐURS FISCHER Fjöldi erlendra stórmeistarara er kominn til landsins vegna skákhátíðarinnar. Spasskí er til vinstri með svört sólgleraugu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

hlýju. „Ég talaði oft við Bobby síðustu árin og hiti hann. Hann lét lítið fyrir sér fara á Íslandi og hélt sig neðanjarðar,“ segir Spasskí. „Og nú er hann neðanjarðar að eilífu.“

Gott á mánudegi

SPRENGIVERÐ!

598 kr.

Úr Kjötborði Noatúns

Ungnautahakk

Nóatún mæli með

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR ÞÉR LÍFIÐ

-sgj

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði

– í verslunum Nova Lág múla
og Smáralind

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-
tilboðum hjá Nova!



**NOKIA
E51**

Útborgun

4.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

28.900 kr./stgr.

2 litir, silfur og svart

**NOKIA
6120**

Útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

24.000 kr./stgr.



Páskaegg nr. 6 frá
Nóa Sírius fylgir öllum
símatilboðum hjá Nova.
Gildir meðan birgðir endast.

**SAMSUNG
U700**

Útborgun

9.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

33.900 kr./stgr.

2 litir, silfur og svart



**Sony Ericsson
W910i**

Útborgun

14.900 kr.

Afborgun 2.000 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun
á mánuði fylgir!

38.900 kr./stgr.

Úrval farsíma á frábæru tilboðsverði hjá Nova – komdu við og veldu þér síma!

www.nova.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,83 68,15
Sterlingspund	136,49 137,15
Evra	104,47 105,05
Dönsk króna	14,012 14,094
Norsk króna	13,223 13,301
Sænsk króna	11,121 11,187
Japanskt jen	0,6647 0,6685

SDR 110,21 110,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

135,993

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðstefnan Tengslanet kvenna - Völd til kvenna haldin í fjórða sinn á Bifröst:

Þemað er konur og réttlæti

FÉLAGSMÁL Ráðstefnan Tengslanet kvenna IV - Völd til kvenna verður haldin í fjórða sinn undir stjórn dr. Herdísar Þorgeirsdóttur prófessors 29. til 30. maí næstkomandi á Bifröst.

Í ár verður þema tengslanetsins Konur og réttlæti og munu ýmsir fyrirlesarar nálgast það efni út frá ólíkum sjónarhornum. Meðal fyrirlesara má nefna Maud de Boer Buquicchio sem er annar framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og mun hún ræða hlutskipti kvenna.

Hinn aðalfyrirlesarinn er Judith Resnik, prófessor við laga-deild Yale háskóla, sem var á dög-



MAUDE DE BOER BUQUICCHIO Er ein þeirra sem heldur fyrirlestur á Tengslaneti kvenna. Hún er til vinstri á myndinni.

unum útnefnd fremsti fræðimaður á sviði lögfræði 2008 af bandarísku lögmannsamtökun-

um. Aðeins fimm konur hafa áður hlotið þann heiður og er hún nefnd sem væntanlegur dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna.

Eins og áður sagði er þetta í fjórða sinn sem Tengslanet kvenna er haldið en vorið 2006 var ráðstefnan sú stærsta í íslensku viðskiptalífi. Hana sækja konur úr mörgum sviðum þjóðfélagsins, þverfaglegum og þverpólítískum.

Þá verða undirþemu rædd í pallborðsumræðum undir fundarstjórn skörulegra kvenna en pallborðin verða samsett af ólíkum einstaklingum. Skráning fer fram á slóðinni www.bifrost.is. - ovd

Starfsmenntasjóðir:

Styrkja fólk til að taka ökuþróf

VINNUMARKAÐUR Starfsmenntasjóðir verkalýðshreyfingarinnar, Landsmennt og Starfsafl, hafa breytt reglum sínum þannig að nú munu þessir sjóðir styrkja félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar um allt land til að taka bílþróf. Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að bílþrófið sé grunnmenntun sem allir þurfi á að halda.

„Þetta er fyrst og fremst fólk sem er að koma inn á vinnu- markaðinn og er að afla sér menntunar. Hluti af þeirri menntun er bílþrófið sem er notað við gríðarlega mörg störf,“ segir Sigurður, „og við erum bara að styðja við bakið á þeim sem ekki hafa sótt sér þessa menntun.“ - ghs

Stjórnarslitin í Serbíu:

Tadic boðar til kosninga í maí

SERBÍA, AP Boris Tadic, forseti Serbíu, hyggst boða til kosninga nú þegar samsteypustjórn landsins er fallin. Búið er við að Tadic skýri frá þessu í dag, og verða kosningarnar líklega haldnar í maí.



BORIS TADIC

Vojislav Kustunica forsætisráðherra, sem eins og flestir Serbar er andvígur stofnun sjálfstæðs ríkis í Kosovo, sleit stjórnarsamstarfinu eftir að ráðherrar í stjórninni, flokksbræður hans Evrópusinnaða Tadic forseta, sögðust vilja halda áfram að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu þrátt fyrir að Evrópusambandsríkin styðji flest sjálfstæði Kosovo. - gb

Bill segir að saman yrðu þau ósigrandi

Barack Obama fór létt með að sigra í prófkjöri í Wyoming um helgina og er sömuleiðis talinn eiga sigurinn vísan í Mississippi í dag. Bill Clinton segir að Hillary og Obama verði ósigrandi, bjóði þau fram saman í forsetakosningum.

BANDARÍKIN, AP Demókratar í Bandaríkjunum veltu því mjög fyrir sér í gær hvort Barack Obama hafi náð hámarksfylgi sínu meðal þeldökkra Bandaríkjamanna, en meira þurfi til eigi hann að geta sigrað repúblikanann John McCain í forsetakosningum í haust.

Obama fór létt með að sigra Hillary Clinton í forkosningum í Wyoming á laugardag, og þykir sömuleiðis eiga vísan sigur í næsta prófkjöri flokksins, sem verður haldið í dag í Mississippi.

Næsta stóra prófkjörið verður ekki fyrr en í Pennsylvaníu þann 22. apríl, þar sem kosið er um 158 kjörmenn. Obama hefur þegar töluvert forskot á Clinton, en úrslitin ráðast þó af afstöðu ofurfulltrúanna svonefndu, tæplega 800 forystumanna Demókrataflokksins sem geta greitt atkvæði að eigin vild á landsþingi flokksins í lok ágúst.

Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna og eiginmaður Hillary, mótherja Obamas í baráttunni um að verða forsetaefni flokksins, sagði í Mississippi um helgina að saman myndu þau verða gersamlega ósigrandi, og að Hillary væri svo sannarlega að íhuga þann möguleika.

Obama sagði hins vegar of snemmt að ræða þetta, fyrst þyrftu þau að fá niðurstöðu um það hvort verði forsetaefni flokksins: „Þið eigið ekki eftir að sjá mig berjast fyrir því að verða varaforsetaefni - ég er í forsetaframboði.“

Repúblikaninn John McCain



OBAMA Í KOSNINGABARÁTTUNNI Þarna stillir hann sér upp með eins konar lukku-dýri háskólans í Wyoming. NORDICPHOTOS/AFF

Þið eigið ekki eftir að sjá mig berjast fyrir því að verða varaforsetaefni - ég er í forsetaframboði.

BARACK OBAMA FRAMBÓÐANDI UM AÐ VERÐA FORSETAEFNI DEMÓKRATA

þarf hins vegar á næstu vikum að verja orku sinni fyrst og fremst í það að halda sér í sviðsljósi fjölmiðla og afla meira fjár til hinnar eiginlegu kosningabaráttu, sem hann þarf að heyja við

annað hvort Obama eða Clinton, eða hugsanlega þau bæði.

„Ég held að það verði mjög spennandi að fylgjast með þessu,“ sagði hann um kosningabaráttu Demókrataflokksins og gerði sér fulla grein fyrir því að hann þurfi að hafa fyrir því að beina athygli fjölmiðla að sjálfum sér.

„Þetta þýðir að ég verð að leggja harðar að mér,“ sagði hann við blaðamenn fyrir helgi, en bætti því við að enn sé „mjög langur tími frá mars og fram í nóvember. Þetta er langt ferðalag.“

gudsteinn@frettabladid.is

Nýr leigubíll á götunum:

Sparneytnari leigubíll

SAMGÖNGUR Nýr leigubíll kom á götur Reykjavíkur á föstudag. Bíllinn er af tegundinni Toyota Highlander Hybrid og er sjö manna lúxusjeppi. Hann notar þó 40 prósent minna eldsneyti en hefðbundinn jeppi í sama stærðarflokki.

Tvinnbílur ryðja sér mjög til rúms og eru orðnir afar vinsælir, til að mynda á Bandaríkjamarkaði. Hybrid tæknin er umhverfisvæn og býður bíleigendum upp á eftirsóknarverðan sparnað þar sem að oliuverð hækkar stöðugt. Toyota Highlander Hybrid jeppinn er 280 hestöfl en eyðir aðeins 7,5 lítrum á hundraðið. - vþ

Mugabe Simbabweforseti:

Hvítum óheiml eign fyrirtækja

SIMBABVE, AP Robert Mugabe, forseti í Simbabwe, undirritaði í gær ný lög sem skylda hvíta eigendur fyrirtækja til að afhenda svörtum meirihlutaeign í fyrirtækjum sínum.



ROBERT MUGABE

Einnig kynnti Mugabe áform um að stjórnin gefi þeldökkum eigendum lands, sem áður var í eigu hvíttra, þúsundir húsdýra, olíu, dráttarvélar, vélhjól og fleiri landbúnaðaráhöld til að hjálpa þeim að koma undir sig fótunum.

Þessi áform bera þess merki að nú styttest í kosningar í Simbabwe. Þær verða haldnar 29. mars. - gb

Félögum fer ört fjölgandi:

100 kílómetra keppnishlaup

HEILSA Félag 100 kílómetra hlaupara á Íslandi stendur fyrir keppnishlaupi sjöunda júní næstkomandi.

Hlaupið verður í 10 sinnum 10 kílómetra lykkljum um Fossvogsdal, Elliðaárdal og yfir í Bryggjuhverfi. Er áætlað að hlaupið hefjist klukkan sjö að morgni og þurfa keppendur að ljúka hlaupi á innan við fimmtán klukkustundum. Áningarstöðvar verða á fimm kílómetra fresti.

Félag 100 kílómetra hlaupara á Íslandi var stofnað fyrir þremur og hálfu ári síðan af fimm félögum. Nú eru félagarnir orðnir fimmtán talsins. „Það er skilyrði fyrir inntöku að hafa hlaupið 100 kílómetra keppnishlaup,“ segir Ágúst Kvaran, formaður félagsins sem tekur við bráðabirgðaskráningum í netfangið agust@hi.is. - ovd

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

LÍTIÐ AÐ GERAST
Það verður ekki fyrirferð í vindinum í dag. Hægvíðri og vindátt breytileg. Á morgun er helst að sjá að dálitill vindstrengur af norðaustri nuddist við vestustu annes á Vestfjörðum. Á miðvikudag hlýnar nokkuð á landinu með rigningu eða slyddu á austurhellingi landsins.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	9°
Billund	7°
Ósló	6°
Stokkhólmur	7°
Gautaborg	6°
London	9°
Paris	7°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	9°
Berlín	12°
Alicante	16°
Mallorca	15°
Basel	12°
Eindhoven	9°
Las Palmas	20°
New York	6°
Orlando	22°
San Francisco	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-8 m/s. MIÐVIKUDAGUR 5-10 m/s.

ER ÞESSI EINI AF HVERJUM NÍU SKYLDUR ÞÉR?

Á síðasta ári voru greiddir út 35.695 vinningar í Hapdrætti Háskólans sem þýðir að einn af hverjum níu Íslendingum hlaut vinning. Verður þú í hópi vinningshafa í ár?

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður
11.03.2008



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



Hefur þú trú á framtíð þorskeldis við Ísland?

Já	77,1%
Nei	22,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú að dómarrar við íslenska dómstóla tjái sig meira opinberlega?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Ísraelar ákveða að reisa fleiri hús á svæðum landtökumanna:

Torveldar enn friðarviðræður

JERUSALEM, AP Ísraelsk stjórnvöld hafa ákveðið að byggja hundruð íbúðarhúsa á hernumdu svæðunum á Vesturbakkanum og í austanverðri Jerúsalem.

Zeev Boim, húsneðismálaráðherra Ísraels, segir að 350 íbúðir verði teknar í notkun í landtökubyggðinni Givat Zeev á Vesturbakkanum, skammt fyrir utan Jerúsalem, og 750 íbúðir í Pizgat Zeev-hverfi í Austur-Jerúsalem.

Saeb Erekat, samningafulltrúi Palestínnumanna í brokkgengum friðarviðræðum við Ísrael, fordæmir þessi áform, og segir þau grafa enn frekar undan möguleikum þess að viðræðurnar beri

árangur. „Hvers vegna þurfa þeir endilega að gera þetta og niðurlægja Abu Mazen í augum almennings í Palestínu,“ og á þar við Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, sem hefur tekið þátt í friðarviðræðunum þrátt fyrir mikla tortryggni af hálfu Palestínnumanna á réttmæti þess.

Mark Regev, talsmaður Ísraelsstjórnar, sagði þessi áform réttlætast af því að byggðirnar séu innan stórra landtökusvæða sem meiningin er að verði áfram innan Ísraels eftir að samningur um stofnun Palestínuríkis lýkur. Öllum byggingaráformum utan þessara svæði hafi verið hætt.



BYGGT Í GIVAT ZEEV í byggð landtökumanna á Vesturbakkanum skammt frá Jerúsalem rísa þessar nýju byggingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grænlenk menning: Varðveisla húsa í uppnámi

GRÆNLAND Allitsoq-verkefnið, sem miðaði að því að vernda húsa og byggingar með menningar-sögulegt gildi, hefur verið lagt niður. Verkefnið átti að veita iðnaðarmönnum tækifæri til að læra gamlar grænlenkar byggingaraðferðir.

Stjórnendur byggðasafna í suðurhluta Grænlands hafa sent frá sér bréf þar sem þeir biðla til grænlenksku heimastjórnarinnar að veita peningum í verkefnið. Á þann hátt má tryggja varðveislu gamalla bygginga og framhald á þekkingu á hefðbundnum handverksaðferðum.

- vþ

Síðan skín sól

Lanzarote

– draumaeyja við Afríkustrendur

Verðdæmi

39.217 kr.

Playa Flamingo 20. maí.
Flug og gisting í 7 nætur með íslenski fararstjórn.
Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára.
Ef 2 ferðast: 47.535 kr.

Besta verðið bókast fyrst.
Bókaðu strax á www.plusferdir.is

www.plusferdir.is

PLÚSFERDIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



AUSTURÞING FRAMTÍÐARLANDSINS Almennur á Höfn í Hornafirði sýndi þinginu ekki jafn mikinn áhuga og fólkið sem starfar þar að menntamállum og nýsköpun. Bæjarstjórinn segir að þekkingarsetrið Nýheimar sé enn að sanna sig og koma sér fyrir í samfélaginu. Það geri sig meira gildandi á næstu fimm árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

Vill endurskoðun byggðastefnunnar

Bæjarstjóri Hafnar í Hornafirði segir að innbyggð „kjarnastefna“ í ríkjandi byggðastefnu stjórnvalda hyggi stærri stöðum á kostnað minni. Bæjarstjórinn ávarpaði Austurþing Framtíðarlandsins á laugardag. Hann vill nýja stefnu.

BYGGÐAMÁL „Í byggðastefnunni stendur að það eigi að styrkja sérstaklega ákveðna byggðakjarna og auðvitað mótmælir maður því þegar verið er að berjast í öllum landshornum að því að efla byggðirnar,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hafnar í Hornafirði.

Hjalti ávarpaði Austurþing Framtíðarlandsins á Höfn í Hornafirði á laugardag. Hann telur að byggðastefnuna megi gera mun markvissari fyrir minni byggðir.

„Frekar en að ríkið skilgreini þessa vaxtarkjarna og færi þeim opinber störf, vil ég miklu frekar styrkja grasrótina og gera fólkið hæft til að skapa eitthvað sjálft,“ segir Hjalti. Hann áréttar að mikill samhljómur hafi verið með þessu sjónarmiði hjá ríkinu og það hafi komið afar vel fram við Hafnarbúa í nýlegum mótvægisáðgerðum. Sveitarfélaginu var til dæmis gert kleift að ráða starfsmenn til nýsköpunarverkefna og þróun verkefna vegna Þjóðgarðs í Vatnajökli.

„En þú sérð það að við erum í 400 kílómetra fjarlægð frá Selfossi og við erum í 250 kílómetra fjarlægð

PARF STUNDUM AÐ DJÖFLAST Í FÓLKINU

Tvær konur frá Þekkingarneti Austurlands ávörpuðu Austurþing Framtíðarlandsins á laugardaginn. Netíð kynnis og skipuleggur háskólanám og endurmenntun fyrir fólki og fyrirtækjum í fjórðungnum.

Ragnhildur Jónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Þekkingarnetsins á Höfn, vinnur því dagsdaglega að því göfuga verkefni að fá hinn almenna Hafnarbúa til að mennta sig betur. Hún lýsti á ráðstefnunni tilburðum sínum við að fá fólk til að bita á agnið. Hún hafi nánast þurft að handvelja fólk af götunni, sitja fyrir því og sannfæra það til að koma á námskeið eða í endurmenntun.

„Það þarf stundum að djöflast í

fólkinu til að ná því á námskeið,“ segir hún. „Fólkið datt kannski út úr námi og heldur að það sitji í skurði sem það komist ekki upp úr,“ segir Ragnhildur. Hún hafi hins vegar reynt að breyta þessu hugarfari og með tíð og tíma hafi þetta lagast. Nú komi konurnar fúsar til náms. Enn séu karlarnir þó tregir til þátttöku.

Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnetsins, kom frá Egilsstöðum til að taka þátt í hringborðsumræðum Austurþings. Hún lýsti yfir gleði sinni með umræðu og viðhorf þingmanna. Á Egilsstöðum væri fólk því miður fremur hallt undir stóriðjulasnir.

frá Egilsstöðum. Það er engin lausn fyrir okkur ef þessir staðir eru einhverjir ímyndaðir vaxtarkjarnar hjá ríkisvaldinu. Við fáum ekkert út úr því, síður en svo. Þetta er hugmyndafræði sem virkar ekki.“

Hjalti vill að stöðkerfi byggðanna verði endurmetið í heild sinni. Sameina skuli krafta Byggðastofn-

unar, þróunarfélaga og ýmissa nefnda.

„Þetta eru allt aðilar sem vinna af heilum hug, en maður spyr sig hvort ekki mætti fá þá til að vinna í eina átt og út frá einni hugmyndafræði? Mér finnst vanta heildarsýn í byggðamál, alveg klárlega,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is

Margir lögðu leið sína í Þjóðminjasafnið í gær með gamla ættargripi til skoðunar:

Mikill fjöldi merkilegra muna

MENNING Mikið var um að vera á Þjóðminjasafninu í gær þar sem almenningi var í annað sinn boðið að koma með gamla muni í skoðun og greiningu. Margt þeirra gripa sem komið var með eru gamlir erfða- eða ættargripir og var svo með þann forláta bikar sem Ottó J. Malmberg kom með til skoðunar. Sérfræðingum safnsins þótti mikið til bikarsins koma sem fluttur var til Íslands af móðurafa Ottó og gefinn föðurafa hans og alnafna á sínum tíma. Ottó eldri fór með bikarinn til Danmerkur en síðar rataði hann aftur til Íslands.

„Það var að minnsta kosti nógu mikið snúist í kringum hann,“ sagði Ottó sem skírður var með vatni úr bikarum. Segir hann bikarinn oft hafa verið notaðan sem skírnarfont, meðal annars þegar synir Ottós voru skírðir.

- ovd



FORNGRIPUR SKOÐAÐUR Þór Magnússon, fyrrum Þjóðminjavörður, skoðar bikar í eigu Ottós J. Malmberg, í Þjóðminjasafninu í gær. Lilly Árnadóttir safnvörður fylgist með ásamt Antoni Malmberg.

FRÉTTABLAÐIÐ ANTON BRINK



Taktu VÓ-ið úr SVÓT

Styrkleikar

Tækifæri

Caddy - á mánuði aðeins:

29.900 kr.*

TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km



Transporter - á mánuði aðeins:

46.900 kr.*

TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km



Crafter - á mánuði aðeins:

64.900 kr.*

TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km



Láttu Volkswagen vinna fyrir þig

Vinnubílarnir okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda fást þeir allir með hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrr en eftir 30.000 km. akstur* og þjónustusköðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.

*fer eftir notkun bílsins.



Atvinnubílar

*Verð á Caddy miðað við gengistryggðan bílasamning til 60 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,9%.
*Verð á Transporter miðað við gengistryggðan bílasamning til 60 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,59%.
*Verð á Crafter miðað við gengistryggðan bílasamning til 60 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,45%.



NÝTT

Í ÞESSUM MÁNUÐI

SÓMI

Sesar
kjúklingahymna

NÝTT



Reyktur lax
& eggjasalat

NÝTT

Amerísk grísa-
langlokurist

NÝTT

www.somi.is



BIODISEL

UMHVERFISVÆNT FRÁ N1

Nú hefur N1 hafið sölu á Biodísel sem er lífrænt endurnýjanlegt eldsneyti, blandað í venjulega díselolíu. Biodísel er á sama verði og venjuleg díselolía en mengar mun minna og smyr bílinn betur.

Biódísel fæst á eftirtöldum þjónustustöðvum:

N1 Hringbraut í Reykjavík

N1 Skógarseli í Reykjavík

N1 Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

WWW.N1.IS

Sharif og ekill Bhutto taka höndum saman um stjórnarmyndun í Pakistan:

Ætla að endurráða dómara

PAKISTAN, AP Tveir stærstu stjórnarandstöðuflokkarnir í Pakistan hafa ákveðið að taka höndum saman og mynda samsteypustjórn.

Asif Ali Zardari, eftirlifandi eiginmaður stjórnarandstöðuleitogans Benazir Bhutto, undirritaði í gær ásamt Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra, samning um myndun samsteypustjórnar.

Jafnframt lýstu þeir því yfir að þeir muni endurráða tugi dómara, meðal annars úr hæstarétt landsins, sem Pervez Musharraf forseti rak úr embætti á síðasta ári til að tryggja sér áframhaldandi setu á forsetastól.



ZARDARI OG SHARIF Leiðtogar stjórnarandstöðuflokkanna ætla að mynda samsteypustjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðarflokkur Bhutto fékk 120 þingsæti í kosningunum í febrúar og Múslimabandalag Sharifs

hlaut 90 þingsæti, þannig að samanlagt hafa flokkarnir 210 sæti af 342. Stjórnarflokkur Musharraf hlaut aðeins 51 þingsæti og hefur því glatað þingmeirihluta.

Ólíklegt þykir að Musharraf forseti muni taka vel í áform þeirra um að endurráða dómara. Hann hvatti á laugardag sigurvegara kosninganna til þess að „láta pólitíkina eiga sig“ en einbeita sér að því að „stjórna landinu“.

Musharraf hefur stjórnað í Pakistan síðan 1999 þegar hann steypti stjórn Sharifs af stóli í valdaráni.

- gb

Stórframkvæmdir í þremur áföngum

Stokkar og mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru aftur komin á dagskrá. Lokaðir stokkar fyrir hraðari umferð með tveggja akreina yfirborðsgötum fyrir hverfaumferð. Aðrar framkvæmdir sagðar brýnni.

SAMGÖNGUR Miklubraut og Kringlumýrarbraut eru tvær af meginumferðaræðum höfuðborgarsvæðisins og eru gatnamót þeirra ein fjölförnustu gatnamót landsins. Miklar framkvæmdir í þremur áföngum eru nú aftur komnar á dagskrá en meðal tilagna eru mislæg gatnamót á þremur hæðum og aðliggjandi stokkar.

Voru tillögurnar kynntar á fundi Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar í síðustu viku. Er um samvinnuverkefni Vega-gerðarinnar og Reykjavíkurborgar að ræða en engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari framkvæmdir. Heildarkostnaður er áætlaður 12,2 milljarðar króna og er kostnaður vegna uppkaupa þar ekki innifalinn.

Í stuttu máli mætti segja að ofanjarðar verði hægari umferð í hverfin við brautirnar en hraðari umferð í gegnum svæðið fari í stokkum undir gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Samkvæmt tillögunum er áætlað að byggja þar hringtorg sem verði 2,5 metrum hærra en núverandi gatnamót.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir margt í tillögunum á þeim nótum sem sjálfstæðismenn hafi talað um. „Þó finnst mér að sumt eigi eftir að slípa betur.“ Þá telur hann mjög ánægjulegt að sjá í tillögunum að stokkurinn sé farinn að ná vestur fyrir Rauðarárstíg.

„Mér finnst augljóst að setja stókk á Miklubrautina til móts við Stakkahlíð og Miklatún í algeran



FYRIRHUGAÐ HRINGTORG Gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar með hringtorgi og stokkum. MYND/LÍNUHÖNNUN HF. - ONNO HF.

forgang,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Það sé helsti flöskuhálsinn á svæðinu en ekki gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar sem mikið var breytt árið 2005. Telur Dagur þær breytingar hafa sannað sig. „Ég held að aðrar framkvæmdir séu miklu brýnni,“ segir Dagur sem vill að það sem kallað er þriðji áfangi sé tekið fyrst fyrir. „Hitt á að fara í samráðsferli eins og lofað hefur verið.“

„Við tökum nú upp þráðinn og ætlum að reyna að keyra eins hratt og hægt er án þess að slá neitt af samráði,“ segir Gísli Marteinn. Hann telur að hægt verði að byrja framkvæmdir á árunum



GATNAMÓTIN Í DAG Um 80-85 þúsund bílar fara um gatnamótin á hverjum sólarhring. MYND/LÍNUHÖNNUN HF. - ONNO HF.

2009 eða 2010. „Við höfum kallað þetta umhverfislausnina þar sem þetta er fyrst og fremst til að bæta lífsgæði fólksins á svæðinu.“

olav@frettabladid.is

Bæjarstjóri Skálavíkur segir mat á tjóni sem óveður olli á höfninni ekki liggja fyrir:

Þakklátur íslensku þjóðinni

FÆREYJAR Linjohn Christiansen, bæjarstjóri Skálavíkur í Færeyjum, segir uppbyggingu eftir skemmdir vegna óveðurs um mánaðamótin janúar/febrúar ekki hafna af neinum krafti.

Landsverk sér um að meta skaðann, kostnað við endurgerð sjóvarnargarðsins, dýpkun og fleira tengt höfninni sem fór afar illa í óveðrinu. „Bakkinn sunnan við höfnina er allur farinn,“ segir Linjohn. Önnur félög meta skemmdir á byggingum og kirkjugarðinum.

„Viðgerðirnar snúast um að endurgera varnirnar og fyrirbyggja að eitthvað svona gerist aftur.“ Sjóvarnargarðurinn mun meðal annars ná lenga út. Kostnaður á að liggja fyrir 14. mars.

„Fólk hefur það gott. Það missti báta í höfninni en einnig brotnuðu bátar sem voru uppi á landi.“

Hann segir enga nýja báta komna í staðinn enda sé bannað að nota höfnina í því ástandi sem hún er. „Flestir hér í Skálavík eru í hlutastöfum á sjó en hér vinna þó allir eitthvað tengt sjónum.“ Hluti fólksins vinnur til dæmis við fiskvinnslu í næsta bæjarfélagi.

Hann er þakklátur Íslendingum fyrir fjársöfnun



MIKLAR SKEMMDIR Í SKÁLAVÍK Brak úr bátum og mannvirkjum við höfnina náði langt upp á land. MYND/PALLI Á LAVA OLSEN

fyrir íbúa Skálavíkur sem stendur yfir til 14. mars. „Við erum ein hérna úti í Atlandshafinu, Ísland og Færeyjar, og það er gott að hjálpa hvor öðrum,“ segir Linjohn sem vonar að uppbyggingu ljúki fyrir næsta vetur.

- ovd



PÁSKARNIR KOMA SNEMMA Í ÁR



TOYOTA

Komdu og upplifaðu frábæra
páskastemningu dagana 10. – 16. mars
hjá söluaðilum Toyota um land allt.

Úrval spennandi tilboða á nýjum
og glæsilegum bílum alla vikuna.

Léttar veitingar í boði.

Vertu í hópi þeirra fyrstu sem reynsluaka
og þú færð páskaegg og gætir
unnið ferðavinning til Evrópu fyrir tvo.

Við hlökkum til að sjá þig



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

Skólameistarar bíða svara frá menntamálaráðuneytinu vegna oftalningar eininga:

Fallið verði frá áminningum

MENNTAMÁL Skólameistarar tveggja framhaldsskóla, sem áminntir voru af menntamálaráðuneytinu í janúar, hafa enn ekki fengið svör frá ráðuneytinu við kröfu þeirra um að áminningararnar verði dregnar til baka. Ráðuneytið hefur haft bréf þeirra til umfjöllunar í rúman mánuð.

Þeir Gísli Ragnarsson, skólameistari Fjölbrotarskólans við Ármúla, og Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, voru í janúar áminntir fyrir að ýkja tölur um fjölda eininga sem nemendur luku með prófi frá skólunum, en fjárframlög eru reiknuð út frá þeim tölum.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Ekkert svar hefur borist frá ráðuneytinu vegna bréfs tveggja skólameistarara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta var í fyrsta skipti sem áminningar voru veittar vegna slíkra brota í starfi, en skólameistarar hafa gagnrýnt reiknilíkani sem beitt er við útreikningana.

Þeir Gísli og Baldur sættu sig ekki við áminninguna, og sendu ráðuneytinu bréf seint í janúar þar sem þess var krafist að áminningararnar yrðu dregnar til baka.

„Við bíðum bara,“ segir Gísli. „En auðvitað er tíminn orðinn dálítið langur, meira en mánuður.“ Hann segist ánægður með að svo virðist sem ráðuneytið sé að skoða hvort það muni verða við kröfum þeirra.

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, staðfesti í gær að ráðuneytið hefði bréfið til meðferðar. Hann vildi ekki segja til um hvernær svars væri að vænta. - bj

Þörfin fyrir líffæri kallar á nýja löggjöf

Landlæknir og yfirlæknir á Landspítalanum segja vaxandi þörf fyrir líffæragjafir. Þeir telja að ætlað samþykki til líffæragjafar eftir andlát yrði til bóta. Hugmyndin hafi verið misskilin hér á landi og tíðni líffæragjafa hér sé lág.

HEILBRIGÐISMÁL Sigurður Guðmundsson landlæknir segir sívaxandi þörf á heimsvísu fyrir heilbrigð líffæri úr látnu fólki og er fylgjandi því að athugað verði með lagabreytingu um ætlað samþykki til líffæragjafa. Það þýddi að gengið yrði út frá því að einstaklingar samþykktu að líffæri úr þeim látnum yrðu nýtt öðrum til góða, líkt og þekktist víðs vegar um Evrópu.

„En til þess þarf að kynna þessi mál betur fyrir fólki. Það hefur kannski ekki gengið nógu vel hjá okkur,“ segir hann.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir á nýrnadeild Landspítalans, tekur í sama streng.

„Fólk virðist hafa misskilið hvernig ætlað samþykki er í reynd í þeim löndum þar sem því er beitt. Ætlað samþykki þýðir ekki að líffærin séu tekin úr þeim látna án samráðs við fjölskylduna,“ segir Runólfur.

Austurríki og Belgía séu einu Evrópulöndin sem túlka ætlað samþykki á „harðan“ hátt og taki líffærin án þessa samráðs. Í löndum mildu útgáfunnar, til dæmis í Noregi og Svíþjóð, sé þessu öðruvísi farið.

„En aðalatriðið er að ætlað samþykki gæti haft jákvæð áhrif á viðhorf almennings til þessara mála og þannig gert líffæragjöf almennari frekar en að hún sé undantekning,“ segir hann.

Í þeim löndum þar sem gengið er út frá ætlaðri neitun, fremur en samþykki, sé tíðni líffæragjafar lág og tíðni neitunar ættingja há. Þannig sé málum háttáð hér á landi.

En Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra



LÍFFÆRAÍGRÆÐSLA Þörf fyrir líffæri til ígræðslu eykst ár frá ári, en líffæragjöfum fjölga ekki í samræmi við það. Íslendingar leiða því miður ekki hugann að þessum málum í önnum dagsins, segir landlæknir. MYND/ÚR SAFNI

hélt öðru fram á Alþingi í síðasta mánuði og sagði að tíðni líffæragjafa væri ekki háð löggjöfinni.

„Það er rétt að erfitt er að einangra þátt löggjafarinnar og segja að hann einn og sér auki tíðni gjafanna. Hins vegar er athyglisvert að í löndum ætlaðrar neitunar er tíðni líffæragjafa lægri,“ segir Runólfur. Miðað við aðrar Norðurlandþjóðir gefi Íslendingar yfirleitt fæst líffæri eða næstfæst.

klemens@frettabladid.is

STILL Lyftarar

Þýsk gæðavara sem sameinar lágan rekstrarkostnað og áreiðanleika.

- Stafrænt mælaborð á íslensku
- Handbók á íslensku
- Eftirlit á 1000 klst. fresti
- Stíllanlegur keyrsluhraði
- Viðhalds litlir hemlar í olíubaði
- Lokaðir riðstraumsmótorar
- Auðveld rafgeymskipti engin hifing



Endurnýtir orku við hemlun - eykur endingu rafhleðslu um 15% á dag!



VELAVER

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Til afhendingar strax.

RV Unique

RV Unique örtrefjaræstikerfið

- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur, sölumaður hjá RV Unique í Danmörku

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar RV

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Telur Landsvirkjun koma af stað óþarfa deilum:

Segir langt í samþykki heimafólks

UMHVERFISMÁL Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar Alþingis, segir að fyrirvari Landsvirkjunar í samningi um gagnaver, valdi óþarfa deilum um virkjanamál.

Hann minnir á að samþykki heimamanna og landeigenda á svæðinu sé forsenda virkjunar.

„Og mér sýnist að það sé langt í land með það samþykki,“ segir Helgi. Engir almannahagsmunir kalli heldur á eignarnám.

Greint hefur verið frá þeim fyrirvara í samningi Verne og Landsvirkjunar um gagnaver að Landsvirkjun fái virkjunarleyfi í Þjórsá.

Iðnaðarráðherra fagnaði samningnum á sínum tíma en Samfylkingarfólk hefur líkt ákvæðinu við fjárkúgun og sagt að því sé vart hægt að taka alvarlega. Ráðherra hefur ekki tjáð sig um þetta síðan.

Sjálfur vill Helgi ekki gefa upp hvort hann styðji virkjun neðri hluta Þjórsár en segir þó að best fari á því að bíða með virkjanir þar uns heildaráætlun um náttúru Íslands verði tilbúin seint á næsta ári.

„Og það veur sérstaka undrun að Landsvirkjun hefur nú þegar virkjunarleyfi í Þjórsá, sem engar deilur eru um,“ segir Helgi. Nær



HELGI HJÖRVAR Formaður umhverfisnefndar Alþingis undrast að Landsvirkjun nýti ekki leyfi til Búðarhálsvirkjunar, áður en hún knýi á um aðrar virkjanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

væri að nýta þá virkjun, Búðarhálsvirkjun, áður en farið sé að knýja á um fleiri kosti. - kóp

Menntun og tekjur hafa áhrif á barneignir kvenna:

Sænskar mæður eldast

SVÍPÞJÓÐ Fjöldi sænskra kvenna sem eignast barn eftir 45 ára aldur hefur meira en tvöfaldast á tíu árum. Þetta kemur fram í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter. Þá hefur fjöldi kvenna sem eignast barn eftir að 49 ára aldri er náð fjórfaldast á sama tímabili.

Þessi þróun gefur til kynna samfélagsbreytingar í Svíþjóð á undanföllum áratug. Til að mynda hafa menntun og tekjur áhrif á ákvörðun sænskra kvenna um að fresta barneignum. Það hefur sýnt sig að eftir því sem menntunarstig og tekjur aukast, því lengur bíða konurnar með að eignast börn.

- vp



HVÍTVÖÐUNGUR Sænskar mæður hafa ekki verið eldri en einmitt nú. Konur kjósa að mennta sig og koma undir sig fótum áður en þær eignast börn.



IÐNSKÓLINN Skólameistari vonast eftir niðurstöðu fljótlega.

Iðnskólinn í Hafnarfirði:

Launamálið er enn í vinnslu

HAFNARFJÖRÐUR Óánægja hefur verið meðal kennara Iðnskólans í Hafnarfirði með meinta launaskerðingu vegna samkomulags um styttri vinnutíma sem gert var fyrir nokkrum árum. Málið er nú í vinnslu hjá Félagi framhaldsskólakennara, kennurum sjálfum og fulltrúa skólans.

Jóhannes Einarsson skólameistari segir að fundað hafi verið í liðinni viku og aftur verði fundað nú í vikunni. Hann vonast til að niðurstaða liggja fyrir fljótlega. „Vonandi liggur niðurstaða fljótlega fyrir. Það er verið að skoða þetta mál frá ýmsum hliðum,“ segir hann. - ghs

Vísu til Kosovo-fordæmis:

Vilja viðurkenningu Abkasíu

GEORGÍA, AP Ráðamenn í Abkasíu, héraði við Svartahaf sem sagði sig úr lögum við Georgíu á síðasta áratug, skorðu á föstudag á alþjóðasamfélagið að viðurkenna sjálfstæði þess að fordæmi Kosovo.

Stjórnvöld í Georgíu mótmæltu á sama tíma ákvörðun rússneskra yfirvalda að afnema viðskiptaþvinganir gegn Abkasíu.

Þessi þróun stefnir í að gera tengslin milli Rússlands og Georgíu enn verri en verið hefur og mun vafalaust beina alþjóðlegri athygli að afleiðingum sjálfstæðisyfirlýsingar Kosovo á svonefndar „frystar deilur“, sem Abkasíudeilan er dæmi um. - aa

LANDBÚNAÐUR

Nautakjötsneysla eykst

Alls var framleitt 3.551 tonn af nautakjöti hér á landi á síðasta ári, sem er aukning um rúmlega ellefu prósent milli ára. Alls var 21.541 nautgrip slátrað í sláturhúsum á árinu 2007.



Loksins - Loksins Íbúasamtök í Miðborginni

Langþráður stofnfundur Íbúasamtaka Miðborgar



Iðnó, þriðjudaginn 11.mars kl. 20:30.

Hvers vegna er Miðborgin eini borgarlutinn sem ekki á íbúasamtök, hverfisblað og markvissan þrýstihóp?

Einn milljarður er nú til ráðstöfunar í margvísleg þörf verkefni í öllum borgarlutum Reykjavíkur í krafti átaksins **1, 2 og Reykjavík**. Ein forsenda þess að Miðborgin fái sinn sjálfsagða skerf af þessu fé er að íbúarnir taki sig saman, skipuleggi sig og leggi á ráðin með aðkallandi þarfir sem krefjast fjárstuðnings. Þingholt, Skuggahverfi og

Grjótaþorp eru mestu þéttbýlissvæði höfuðborgarinnar. Mörg aðkallandi verkefni bíða úrlausnar.

Fjölmennum. Aðgangur er ókeypis. Hlýðum á skeleggan frummælanda og hressilegt söngatriði. Kjósum bráðabirgðastjórn og njótum síðan létttra veitinga.

Brettum upp ermar og mætum galvösk okkur sjálfum til hagsbóta.

Undirbúningshópurinn.

FERMINGARGJÖF FYRIR FRAMTÍÐINA

GJAFABRÉF KLASSA ER FRÁBÆR FERMINGARGJÖF SEM VEX OG DAFNAR Í TRAUSTRI OG GÓÐRI ÁVÖXTUN.



Taktu þátt í að byggja upp framtíðarsjóð fermingarbarnsins með Gjafabréfi Klassa. Gjafabréfið og fermingarpeningarnir eru góður grunnur að fjárhag framtíðarinnar.

Ef 30.000 kr. eða meira, í gjafabréfi eða peningum, eru lagðar inn á Framtíðargrunn bætir Landsbankinn 5.000 kr. við. Þeir sem leggja fyrir eiga möguleika á að vinna MacBook fartölvu eða iPod shuffle.

Þú færð gjafabréfið í næsta útibúi Landsbankans.



Landsbankinn

Gersemi sænsku þjóðarinnar, Nótt afbrýðiseminnar eftir Strindberg, var stolið:

Verkið fannst fyrir tilviljun

SVÍPJÓÐ Málverkið Nótt afbrýðiseminnar eftir Ágúst Strindberg er fundið. Málverkinu var stolið af Strindbergsafninu í Stokkhólmi fyrir tveimur árum. Að sögn Dagens Nyheter fannst það fyrir tilviljun þegar sænska lögreglan gerði húsleit í einbýlishúsi norðan Stokkhólms vegna gruns um eiturlyfjaviðskipti. Tveir menn hafa verið handteknir.

„Það var frábær tilfinning að sjá það aftur, ég skal þegar lögreglan tók það fram,“ segir Stefan Bohman, stjórnandi Strindbergsafnsins. „Ég sá við fyrstu sýn að þetta var rétt málverk. Að hluta til var það vegna þess að málverkið og ramm-

inn litu rétt út og að hluta til vegna þess að á henni var texti sem Strindberg skrifaði til unnustu sinnar,“ segir hann.

Málverkinu var stolið úr Strindbergsafninu í miðborg Stokkhólms á örfáum mínútum um miðjan febrúar 2006. Talið er að þjófarnir hafi verið þrír. Þeir létu til skarar skrifa í hádeginu. Tveir héldu starfsmanni safnsins uppteknum meðan sá þriðji tók myndina af veggnum. Þeir hlupu svo niður tröppurnar og út úr safninu og hurfu. Þar með var verkið horfið sporlaust.

Verkið tilheyrir mestu gersemum sænsku þjóðarinnar. Strindberg gaf unnustu sinni myndina.



NÓTT AFBRÝÐISEMINNAR Strindberg málaði verkið árið 1893.

Hlutverkasetur vinnur á jafningjagrundvelli að bata einstaklinga með geðraskanir:

Sýn notenda skiptir líka máli

FÉLAGSMÁL Heimasíða Hlutverkaseturs var opnuð nýlega en hjá Hlutverkasetri fá einstaklingar sem misst hafa hlutverk af geðrænum orsökum atvinnulega endurhæfingu. Í setrinu starfa einstaklingar með reynslu af geðröskunum ásamt fagfólki með ólíkan bakgrunn.

Setrið er í nánú samstarfi við Hugarafl, sem er samstarfshópur iðjuþjálfra og notenda geðheilbrigðiskerfisins sem eru í bata. „Hér vinna menn út frá batamódelinu á jafningjagrunni,“ segir Eiríkur Guðmundsson, verkefnastjóri Hlutverkaseturs. Starfsendurhæfingin byggist á því að sýn og þekking notenda skipti jafn miklu máli og fagþekking.

„Við göngum ekki á undan fólki heldur samhliða því eða skrefi á eftir þegar það vill láta drauma sína rætast á vinnumarkaði.“ Hlutverkasetrið er ekki rekið í ágóðaskyni heldur er það samfélagslegt fyrirtæki og fer arður í áframhaldandi uppbyggingu. „Draumurinn er að opna svokallað geðveikt kaffihús. Þar getum við unnið gegn fordómum, veitt samherjastuðning og verið sýnileg.“

Eiríkur segir Hugarafl hafa haft gríðarlega mikla þýðingu í jákvæðri umræðu um geðheilbrigðismál



FRÁ OPUN HEIMASÍÐUNNAR Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, og Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, opnuðu síðuna.

undanfarin fimm ár enda leggi hópurinn áherslu á framlag einstaklingsins til samfélagsins. Nánari upplýsingar má nálgast á síðunni www.hlutverkasetur.is.

- ovd

MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAÐEILD

Meistaránám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfs-tækifærum.

Viðskiptadeild HR hefur á að skipa sérlega öflugum hópi kennara frá 23 löndum, sem allir búa yfir mikilli fræðilegri þekkingu og hafa fjölpætta reynslu úr atvinnulífinu. Að auki er Háskólinn í Reykjavík með samstarfssamninga við yfir 100 háskóla um allan heim sem gefur nemendum möguleika á því að víkka sjónvæðingarmikil með því að stunda hluta námsins erlendis.

MSc í alþjóðaviðskiptum

Námið byggir bæði á fræðilegum grunni og hagnýtri þekkingu á alþjóðaviðskiptum og fer kennsla fram á ensku. Uppbygging námsins miðar við reynslu margra bestu háskóla heims.

Allir nemendur dvelja erlendis eina önn þar sem þeir starfa fyrir íslensk fyrirtæki eða stunda nám við samstarfsháskóla HR. Flestir nemendur læra annað tungumál en ensku og eru fjögur tungumál í boði: Kínverska, spænska, franska og þýska.

Einnig er í boði að sérhæfa sig í alþjóðlegum markaðsfræðum.

MSc í fjármálum

Námið er sérstíð að þörfum fjármálafræðinga og framsækinnna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að velja á milli tveggja lína.

Investment Management (MSIM): Ætlað þeim sem hyggjast starfa sem sérfræðingar á fjármálamarkaði, einkum við eignastýringu, markaðsviðskipti og fjárfestingar.

Corporate Finance: Hentar þeim sem hafa áhuga á að starfa sem fjármálastjórnar eða stjórnendur fyrirtækja.

MSc í reikningshaldi og endurskoðun

Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Námið er hægt að stunda sem fullt starf eða á minni hraða með annarri vinnu. Fyrri umsóknarfrestur er til 15. apríl, sá seinni 30. maí. Þeir sem sækja um fyrir fyrri frestinn eiga meiri möguleika.

Tökum við umsóknum núna

Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Kjöt & Fisktorgið

Alltaf ferskt

Plokkfiskur

Ekta heimalagaður réttur að hætti Rúnars sem einungis þarf að hita.

Plokkfiskinn má líka gratínera í ofni með því að setja hann í smurt eldfast mót og setja hollandaise- eða béarnaisesósu og rifinn ost yfir. Bakið í ofni við 200°C, í um 3 mín. eða þar til hann verður gullinbrúnn.



898 kr/kg

Verð áður 1.190.-

Lax

með fersku chilli, engifer og hvítlauk

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15 mínútur við um 180°C í forhituðum ofni eða steikt á pönnu í um 15 mín.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Liður í að auka þjónustu og spara tíma flugfarþega:

Flugfélögin bjóða upp á netinnritun

NEYTENDUR Flugfélögin Icelandair og Iceland Express bjóða nú farþegum sínum upp á að innrita sig í flug gegnum netsíður flugfélaganna. Farþegar sem innrita sig með þessum hætti sleppa við hefðbundna innritun á brottfararstað. Er þetta gert til að spara farþegum tíma og auka þægindi þeirra.

„Þróunin er sú að langflestir kaupa rafræna farseöla á netinu og netinnritun er eðlilegt framhald af því,“ segir Gunnar Már

Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair. Hann segir Icelandair hafa lagt áherslu á að byrja með þessa þjónustu á Íslandi. „Við munum svo innan tíðar bjóða upp á netinnritun frá áfangastöðum okkar erlendis.“

Til að byrja með verður vefinnritun Iceland Express einungis í boði fyrir farþega sem eru á leið frá Kaupmannahöfn til Íslands en fljótlega munu fleiri áfangastaðir bætast við.

- ovd



LÍTIÐ HÚSNÆÐI OG MARGIR Í FJARNÁMI Átta framhaldsskólar eiga væna sjóði eftir uppsafnaðan rekstrarafgang síðustu ára. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er ríkastur, hann á 130 milljónir króna í sjóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölbraut við Ármúla ríkasti skólinn

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er með 130 milljónir króna í safnsjóði. Iðnskólinn í Hafnarfirði er næstríkastur með 121 milljón. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu hefur einnig staðið sig vel.

REKSTUR Átta framhaldsskólar eiga tíu prósent eða meira af fjárheimildum í uppsöfnuðum rekstrarafgangi eftir árið 2007. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er ríkasti framhaldsskólinn í landinu. Hann á 130 milljónir króna í sjóði. Iðnskólinn í Hafnarfirði kemur næstur. Hann á 121 milljón króna og Fjölbrautaskóli Suðurnesja er í þriðja sæti með 109 milljónir króna.

Ólafur H. Sigurjónsson, aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, segir að mikill fjöldi nemenda, lítið húsnæði og margir nemendur í fjarnámi hafi gert skólanum kleift að skila miklum rekstrarafgangi. Í vor hefjist framkvæmdir og gert sé ráð fyrir að skólinn eigi fyrir innréttingum og búnaði. „Svo auðvitað reukum við skólann vel,“ segir hann.

Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, segist hafa á fimmta ár reynt að fá húsnæðið stækkað. „Við búum í húsi sem var frumkvöðlaverkefni á sínum tíma og náðum hagstæðum samningum. Skipulagsbreytingar á námskrám hafa gefið möguleika á að nýta húsnæðið betur. Meðalaldur starfsmanna er ekki nema sjö ár, þar af hefur helmingur verið innan við fimm

ár og grunnlaun því í lægri kantinum. Fjármálastjórnin er öflug, við höfum alltaf getað staðið í skilum en fyrst og fremst er þetta vegna þess að við búum þröngt.“

„Mig grunar að skýringin sé sú að við erum með frekar hátt hlutfall af fjar-nemendum sem

hafa ekki reynt jafn dýrir og hinir. Maður vonast svo til að hafa aðhald og hagkvæman rekstur. Við erum í nýlegu húsnæði og ekki fer mikið í viðhald,“ segir Eyjólfur Guðmundsson, skólameistari í Austur-Skaftafellssýslu.

Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, segir að skýringarnar á sjóðasöfnuninni séu margvíslegar. Framhaldsskólar hafi náð botni í skuldum gagnvart ríkissjóði árið 2003 og verið að vinna sig úr þeim síðan. Í sumum tilfellum hafi rekstrarafgangur safnast upp í langan tíma og aðrir skólar leggi til hliðar fyrir framkvæmdum eða fjárfestingum.

ghs@frettabladid.is

RÍKUSTU FRAMHALDSSKÓLARNIR

- Uppsafnaður rekstrarafgangur samkvæmt fjárheimild

	Í sjóði	Hlutfall af fjárheimildum 2007
Fjölbraut í Ármúla	130 milljónir	18
Iðnskólinn í Hafnarfirði	121 milljónir	22
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	109 milljónir	18
Borgarholtsskóli	78 milljónir	10
MR	46 milljónir	10
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	32 milljónir	23
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	26 milljónir	15
Framhaldsskólinn á Húsavík	25 milljónir	20



Tilfinningatjón er ekki metið til fjár

Áfallahjálpi hjá TM

Þeir sem eru vel tryggðir fá efnisleg verðmæti sín bætt, en eftir stendur oft tilfinningatjón sem ekki verður metið til fjár. Það er vel þekkt staðreynd að áföll eða slys geta haft í för með sér áfallastreitu og leitt til langvarandi áfallaröskunar ef ekki er gripið í taumana.

TM gengur nú skrefinu lengra í þjónustu sinni og er eina tryggingafélagið á Íslandi sem býður tjónpolendum upp á áfallahjálpi í sínum tryggingaskilmálum. Áfallahjálpin er veitt af sálfræðingi og er innifalin í Heimatryggingu TM. Þannig vinnum við saman úr áfallinu og stuðlum að því að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar til lengri tíma fyrir viðskiptavinum okkar.

Áfallahjálpi TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



EILEENKAUS/ISTOCK/1109842/08

Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tm.is** og fáðu skýr svör.

Skoðaðu bæklinginn
á www.heimsferdir.is



Spennandi haust!

Heimsferðir kynna glæsilegar haustferðir sínar árið 2008. Úrvalið hefur aldrei verið fjölbreyttara eða glæsilegra. Við fljúgum beint til vinsælustu borga Evrópu, til hinnar stórkostlegu Montreal í Kanada og síðan bjóðum við frábærar ferðir með sérflugi til Karíbahafsins, bæði til Kúbu og nú í fyrsta sinn frá Íslandi til karabísku perlunnar Barbados. Fjöldi annarra vinsælla ferða í boði.

Barbados

í fyrsta sinn frá Íslandi

Nýtt

Frá aðeins 79.990 kr.

Frábærir gististaðir í boði!



Róm

Frá aðeins 24.990 kr.



Flórens

Frá aðeins 39.990 kr.



Sikiley

Frá aðeins 44.990 kr.



Aðventuferðir

Frá aðeins 59.990 kr.



Golfveisla

Frá aðeins 124.990 kr.



Siglingar

Frá aðeins 175.990 kr.

Aldrei fjölbreyttara úrval - frábært verð!

Tryggðu þér sæti í eftirsóttustu ferðirnar strax.



Barcelona

Í farabroddi í Barcelona í 16 ár!

Frá aðeins 19.990 kr.



Beint leiguflug Heimsferða með íslensku flugfélagi í allt haust.
Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!



Prag

Frá aðeins 19.990 kr.



Montreal

Frá aðeins 29.990 kr.



Kraká

Frá aðeins 24.990 kr.



Vilnius

Frá aðeins 19.990 kr.



Búdapest

Frá aðeins 19.990 kr.



Kúba

Frá aðeins 94.990 kr.



5 vikur

Kanarí

Frá aðeins 97.990 kr.




4 vikur

Tenerife

Frá aðeins 99.990 kr.

Bókaðu núna á www.heimsferdir.is





Þorskeldi er byggðamál í eðli sínu

Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, og kollegi hennar, Einar K. Guðfinnsson, eru sammála um að þorskeldi sé í eðli sínu atvinnuvegur sem styrkir landsbyggðina. Þau eru jafnframt sammála um að samstarf landanna að eldismálum komi vel til greina. Einar sér vöxt þorskeldis í Noregi sem ógnun við það forskot sem Íslendingar hafa löngum haft á þorskmörkuðum.



HELGA PEDERSEN Telur ekkert því til fyrirstöðu að norskt þorskeldi verði annað eins ævintýri og laxeldi í Noregi. Hún telur að þorskeldi muni hafa mikla þýðingu fyrir landsbyggðina og byggðasjónarmið eru í forgrunni í veitingu styrkja til eldismála.



EINAR K. GUÐFINNSSON Telur þorskeldi á Íslandi vera afar mikilvægt þegar til framtíðar er litið. Nú sé tíma-bært að taka næsta skref ef forysta á mörkuðum á ekki að tapast til Norðmanna sem gætu náð yfirburðastöðu fari sem horfir í þeirra eldi.

„Takmarkið er að koma á fót framleiðslu sem grundvöllur er á sjálfbærni og miklum gæðum. Í framtíðinni er það mín von að þorskeldi verði eins mikilvægt fyrir landið og laxeldi er í dag,“ segir Helga Pedersen sjávarútvegsráðherra Noregs. Hún segir að norsk stjórnvöld hafi miklar væntingar til þorskeldisins enda skili fiskeldi miklum tekjum og skapi fjölmörg störf um allan Noreg.

Allir komast að veisluborðinu

„Ég get ekki séð að markaðir fyrir þorsk verði vandamál fyrir framleiðendur í nánustu framtíð. Við sjáum að á tveimur síðastliðnum árum hefur verið á þorskafurðum hækkad mikið. Þetta er vísending um að markaðir fyrir þorsk geta tekið við mun meira magni en þeir gera í dag. Nei, ég hef ekki áhyggjur af markaðnum þrátt fyrir að verulegt þorskeldi verði hér og víðar um heim innan skamms tíma.“ Helga getur þess að ekki einungis sé Noregur vel til þess fallinn að stunda fiskeldi út frá náttúrunnar hendi heldur séu 750 þúsund neytendur við þroskulinn. „Þorskeldi er ekki síst mikilvægt til að skapa jafnvægi á mörkuðum. Neytendur vilja geta gengið að sinni vöru. Hættan er að ef það er ekki hægt þá leiti þeir í annað fiskmeti og þorskeldi er ekki síst mikilvægt í því ljósi.“

Samstarf sjálfsgagt

Aðspurð hvort Helga sjái Íslendinga og Norðmenn vinna saman í þróun eldistækni og markaðsstarfi í framtíðinni svarar Helga játandi. „Hagsmunir okkar fara saman. Við getum hjálpast að við að halda áhuga neytenda á fisktegundum sem veiddar eru á norðlægum slóðum. Framleiðendur hljóta einnig að hafa hag af því að starfa saman við að leysa vandamál í eldinu sjálfu.“

Byggðamál í eðli sínu

„Þorskeldi er byggðamál í eðli sínu. Ein stærsta ástæðan fyrir miklum áhuga stjórnvalda í Noregi fyrir þorskeldi er að halda jafnvægi á milli byggðanna í landinu. Þegar stjórnvöld hér tóku að styrkja þorskeldi árið 2001 var sérstaklega horft til þessa. Fram til

Noregur

Fyrirtæki í þorskeldi: 103
Framleiðsla 2007: 15 þúsund tonn
Áætluð framleiðsla árið 2013: 80 - 150 þúsund tonn
Áætluð framleiðsla árið 2020: 200 - 300 þúsund tonn
Seiðaeldisstövar: 15
Framleiðslugeta: 100 milljónir seiða

þess tíma höfðu stjórnvöld stutt dyggilega við bakið á laxeldi og þar voru sömu sjónarmið í forgrunni. Lykillinn að því að halda byggð í landinu er að skapa áhugaverð störf fyrir ungt fólk og þorskeldi er svo sannarlega einn kostur. Gleymum því ekki að fiskeldi er iðnaður sem drifinn er áfram af hámenntuðu fólki og því er um mikla fjölbreytni að ræða í atvinnulegu tilliti.“

Einar tekur skýrt fram að ekki komi til greina að norsk stjórnvöld niðurgreiði eldisiðnaðinn. „Fjármagn til að reka eldisfyrirtæki, hvort sem það er lánsefni eða styrkir, verður að afla samkvæmt lögmálum markaðarins. Annað á við um rannsókn- og þróunarverkefni sem við höfum í huga við forgangsriðun á hvernig skattfé almennings er varið. Þar eru málefni sjávarútvegsins framarlega í röðinni.“

Eldismenn eiga að vera bjartsýnir

Mörg vandamál eru óleyst í þorskeldi og því spyrja margir sjávarútvegsráðgjafa hvort eldismenn séu of bjartsýnir; að þeir fari of hratt. Svartsýnustu menn, til dæmis þeir sem leita lausna á þeim fjölmörgu sjúkdómum sem herja á þorsk í eldi, tala um kollstepu. Óttast sjávarútvegsráðgjafarnir að alvarleg vandamál geti komið upp?

„Ég tel að eldismenn séu á réttum hraða. Í fyrsta lagi þá er það þeirra hlutverk að vera bjartsýnir og skapa tækifæri. Annars ættu þeir að vera að gera eitthvað annað. Það er svo hlutverk vísindasamfélagsins að leysa vandamál. Stjórnvöld eiga að tryggja að vöxturinn sé sjálfbær. Við verðum að vera varkár og hugsa fram í tímann. Lög og reglur verða að vera strangar, sérstaklega vegna umhverfismála. Við gerum einnig skýlausa kröfu um að framleiðendur hyggi að öryggismálum og að besta fánalegi búnaður sé notaður á hverjum tíma. Þú nefndir samstarf Noregs og Íslands. Samstarf á milli landa er mikilvægt en ekki síður vísindasamfélagsins og framleiðendanna.“

Umhverfið njóti vafans

„Ég hræðist það ekki að þorskeldi verði umhverfisvandinn. Það er hins vegar alveg ljóst að náttúran og villti þorskurinn verður að njóta vafans. Við verðum að sýna umhverfinu virðingu og munum ekki taka einhverja óþarfa áhættu í uppbyggingu þorskeldis. Við skulum vara okkur á því að búa ekki til vandamála, heimurinn hefur alveg nóg af úrlausnarefnum fyrir.“

„Ég held að það sé komið að ögurstundu varðandi þorskeldið hér á landi. Það blasir við að við höldum ekki mikið lengur áfram á því róli sem við höfum verið undanfarnin ár. Í því eru engir framtíðarmöguleikar. Það sem þarf að gerast er að fyrirtækin stækki og framleiðslan geti aukist verulega frá því sem nú er. Nú er komið að því að taka næsta skref og það þarf að vera risaskref,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Breytt landslag

„Fyrirtækin hafa lagt mikla vinnu og fjármuni í þróun þorskeldisins. Ríkið hefur ekki komið mikið að þessu þó við höfum veitt stuðning til rannsókna og áframleiddiskvóta sem fyrirtækin hafa verið að nýta sér. Þróunin undanfarnin ár hefur breytt landslaginu mikið. Í upphafi töldu menn að um hálfgerðan gullgröft væri að ræða. Reynslan hefur sýnt að þetta er flóknara mál en svo.“

Einar segir að á síðastliðnum árum hafi orðið til mikil þekking á þorskeldi sem byggir á þolinmæði framleiðenda fyrst og fremst. „Kannski má segja að við höfum slitið barnsskónum í eldinu. Það ýtir á þetta mál að við höfum þurft að skera niður þorskafla og að framboð á þorski hefur minnkað með hækkandi verði. Nú er að hrökkva eða stökkva. Annaðhvort höldum við áfram í þessum dúr sem mun leiða til þess að þorskeldi leggst af eða við tökum stærri skref svo þorskeldi geti orðið að alvöru atvinnugrein.“

Einar segist vita að margir hræðist þá hugsun að taka áhættu í þorskeldinu. Gengið hefur illa í laxeldi þar sem margir framleiðendur brenndu sig illa. „Margir töpuðu miklum peningum á laxeldi og ég geri ekki lítið úr því að fiskeldi er áhættusöm atvinnugrein. Þess vegna skipaði ég nefnd sem samsett er af aðilum úr vísindasamfélaginu og fulltrúum fyrirtækja til að kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru.“ Einar segist vera þeirrar skoðunar að vel komi til greina að taka upp samstarf við Norðmenn um þróun þorskeldis. „Ég tel einsýnt að slíkt samstarf verði í framtíðinni.“

Norðmenn geta náð yfirburðum

„Ef við horfum í kringum okkur þá eru miklir fjármunir lagðir í þróun þorskeldis. Þar fara Norðmenn fremstir í flokki. Þar hafa fjárfestar lagt til fjármagn en hér heima eru það fyrirtæki í sjávarútvegi. Að mínu mati liggur styrkur í því að sjávarútvegsfyrirtækin leiði þessa vinnu því þar er þekkingin á meðhöndlun þorsks og á mörkuðum fyrir þennan fisk. En það er alveg ljóst að Norðmenn ætla sér

stóra hluti líkt og í laxeldinu. Að mínu mati eigum við ekki marga kosti. Ef við látum þetta fara fram hjá okkur þá eru allar líkur á því að Norðmenn muni skapa sér yfirburðastöðu á mörkuðum fyrir allan þorsk. Reynslan sýnir að vandalaust er að selja eldisþorsk og ef við ætlum ekki að láta ryðja okkur út af mörkuðum þá er að mínu mati alveg óhjákvæmilegt að við tökum næsta skref sem er að stórefla þorskeldið.“

Seiðaeldisstöð rísi strax

Einar segir að ríkisvaldið geti ekki leitt þróun þorskeldisins; það verði fyrirtækin að gera. Ríkisvaldið geti hins vegar komið að þróun greinarinnar. Hugmynd eldisiðnaðar er að stjórnvöld reisi seiðaeldisstöð, sem er forsenda þess að þorskeldi geti þrífist hér, en framleiðendur skuldbindi sig til að kaupa þau seiði sem framleidd verða. „Ég get ekki tekið afstöðu til þessarar hugmyndar en ég ætla ekki að útiloka hana. Ég get vel séð fyrir mér að þetta komi til greina sem stuðningur okkar við þessa atvinnugrein. Þegar litið er til þeirra hagsmuna sem um er að ræða er þessi hugmynd alls ekki fjarstæðukennd eða óviðráðanleg að hálfu stjórnvalda.“

Mikilvægt byggðamál

„Það er ljóst að uppbygging þorskeldis yrði fyrst og fremst landsbyggðinni til hagsbóta. Það er augljóst mál að þorskeldi ætti sér stað utan höfuðborgarsvæðisins og við sjáum þegar að vagma þess er á Vestfjörðum. Það er engin spurning að í þessu máli felast hagsmunir dreifðari byggða.“ Einar minnir á að þorskeldi sé atvinnugrein sem muni skapa fjölmörg störf í vinnslu afurða og á eldissviði almennt. „Þar liggja möguleikar sem gætu skipt sköpum fyrir byggðalög í nágrenni eldisins og mun laða að fólk með fjölbreytta þekkingu.“

Ísland

Fyrirtæki í þorskeldi: 10
Framleiðsla 2007: 1.500 tonn
Áætluð framleiðsla 2013: 30 þúsund tonn
Áætluð framleiðsla 2020: 30 - 50 þúsund tonn
Seiðaeldisstövar: 1
Framleiðslugeta: 500 þúsund seiði



FRÉTTASKÝRING
 SVAVAR HÁVARÐSSON
 svavar@frettabladid.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra gagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Staðfestu þekkingu þína með því að taka ECDL (TÖK) prófin sem eru innifalín í náminu.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 169.900

Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 11. mars og 8. apríl og dagnám hefst 11. mars (13:00-16:00)

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugt við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glæruget með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýttist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 74.900

Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)

Vefsmíði og grafík

Sæktu námskeiði í DreamWeaver, Photoshop og Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

► Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 24.900

Hefst 18. mars (16:15-19:15 - þri./fim.) og 25. mars (13:00-16:00)

► Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Hefst 9. apríl (13:00-16:00)

► DreamWeaver vefsíðugerð

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Hefst 31. mars (13:00-16:00)

► DreamWeaver og Photoshop

Sparaðu með því að sameina það besta.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 52.900

Hefst 31. mars (13:00-16:00)

► DreamWeaver, Photoshop og Flash

Sparaðu enn meira og taktu allan þakann.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 69.900

Hefst 31. mars (13:00-16:00)

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stnd./48 klst. Verð: 59.900

Nám hefst 26. mars (má./mið.16:15-19:15)

Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

► MS Project verkefnastjórnun

Tryggðu betri áætlanagerð, markvisst upplýsingastreymi, betri auðlindastjórnun og öruggt eftirlit með verkefnum þínum með því að læra á Microsoft Project núna.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 39.900

► Verkefnastjórnun með PRINCE2

Lærðu heildstæða aðferðafræði við að undirbúa, skipuleggja, framkvæma og stjórna verkefnum með PRINCE2, hvort sem þau eru smá eða stór. Tileinkaðu þér strax aðferðarfræði sem er viðurkennd.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 49.900

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfalltrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Íslenskan verður að vera tungumál Íslendinga á tölvum eins og annars staðar.

Tölvur sem tala íslensku

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í árdaga tölvunotkunar á Íslandi taldist það til kosta þess að nota Apple tölvur að viðmót þeirra var á íslensku. PC tölvur buðu hins vegar upp á viðmót á ensku og einnig flest forrit sem notuð voru á þær tölvur.

Nú hafa Apple-tölvurnar því miður ekki lengur íslenskt viðmót og PC notendur eru orðnir svo vanir enskumælandi tölvum að margir hverjir fúlsa við þeim þýðingum sem þó eru fyrir hendi á notendaviðmóti í tölvum. Þessari þróun verður að snúa við.

Margir vita ekki að Windows XP og Office 2003 stendur til boða á íslensku. Auk þess er gert ráð fyrir að þýðingar á Windows Vista og Office 2007 komi á markað í maí á þessu ári. Þessum þýðingum ættu íslenskir tölvunotendur að taka fagnandi. Það er lyklatríði fyrir þróun íslenskunnar sem gilds tungumáls í tölvuheimi að markaðurinn taki við þeim íslenskaða hugbúnaði sem þó er fyrir hendi.

Þeir sem hafa setið fyrir framan tölvur í áraradír hafa tilhneigingu til fhaldssemi og vilja margir hverjir halda í það enskumælandi viðmót sem þeir þekkjá. Það er þó fullt hér að á innan við hálfum degi tækist hvaða tölvuhundi sem er að venjast því að viðmót tölvunnar væri á móðurmálinu.

Nefna má farsíma til samanburðar. Í flestum nýlegri símunum stendur til boða íslenskt viðmót og þeir eru fáir sem hafna því og taka ensku eða annað tungumál fram yfir móðurmálið þó að þeir hafi áður notað farsíma með ensku viðmóti.

Bestu skiptir þó að þeir sem eru að hefja tölvunotkun, börnin, alist upp við að viðmót tölvunnar sé á móðurmáli þeirra. Þannig ættu allir skólar og leikskólar að hafa metnað til þess að sýna nemendum sínum aldrei Windows-viðmótið nema á íslensku. Foreldrar ættu einnig að krefjast þess af skólum barna sinna að viðmót tölvanna sé á íslensku um leið og heimilistölvun ætti vitanlega líka að blasa við barninu á móðurmálinu.

Röksemdin sem gengur út á að gott sé að læra ensku af tölvunni stenst engan veginn. Næg tækifæri eru alls staðar í kringum okkur til að nema það góða tungumál. Auk þess verða tækifæri þeirra barna sem eiga í lestrarörðugleikum og erfiðleikum með að nema erlend tungumál miklu betri ef viðmót tölvu er á íslensku.

Öðum stýttist í að hlutur hins talaða máls aukist verulega í hinni stafrænu veröld. Ef við sofnum á verðinum nú og göngumst enskumælandi tölvuumhverfi algerlega á hönd gæti farið svo að eftir undrastuttan tíma stæðum við frammi fyrir því að geta ekki stýrt heimilistækjum okkar öðruvísi en að mæla við þau á enska tungu.

Neytendur vilja síma með íslensku viðmóti. Sömuleiðis telja seljendur heimilistækja það til kosta, og auglýsa sérstaklega, stjórnborð á íslensku og íslenskar leiðbeiningar. Á sama hátt ættu neytendur að taka fagnandi íslensku viðmóti í tölvum sínum. Það getur skipt sköpum fyrir framtíð íslenskunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hollustuhornið

Kjúklingasamloka og lítill skyrdrykkur

tilboðsverð kr. 599.-
verð áður kr. 790.-



Select

FRÁ DEGI TIL DAGS

Landráðamaður

„Ég er Evrópusinni.“ sagði Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, í Silfri Egils í gær. Af því tilefni er sjálfsagt að grípa niður í ályktun flokkssystkina hans í Landsambandi ungra frjálslyndra frá því í febrúar: „...Samkvæmt 86. grein almennra hegningarlaga telst sá landráðamaður ... sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ... svikum að ráða íslenska ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð“.



Landssamband ungra frjálslyndra

álýktar að Evrópusambandsaðild væri bæði aðför að fullveldi Íslands og Íslendingum sem þjóð.“

McMiðnesheiði

Íslenskir fylgismenn þess að Bandaríkin reisi aftur herstöð á Íslandi (ef nokkrir eru) hljóta að styðja John McCain, forsetaframbjóðanda Repúblikanaflokksins, til sigurs í kosningunum í haust. Í heimsókn sinni til landsins sumarið 2004 lýsti McCain því yfir að hann væri fylgjandi áframhaldandi viðbúnaði Bandaríkjahers á landinu, þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar á heraflla Bandaríkjanna í Evrópu. Rösku einu og hálfu ári síðar tilkynnti Bush-stjórnin



um lokun herstöðvarinnar á Miðnesheiði.

Íslandsvinur í Hvíta húsinu

Með McCain í för var Hillary Clinton, sem sækist eftir því að keppa við McCain um forsetaembættið í haust. Bæði lýstu þau yfir áhuga á auknu samstarfi við Íslendinga í orkumálum í framtíðinni. „Við getum áorkað miklu í sameiningu,“ sagði Hillary og hrósaði frumkvöðlastarfi Íslands í orkumálum. Meiri líkur en minni eru því á að Íslandsvinur vermi stólinn í ávölu skrifstofunnar í Hvíta húsinu næstu fjögur árin.

steindor@frettabladid.is

Í nefnd

Um daginn var ég að keyra og hlusta á Útvarp Sögu, því ég var að vonast eftir þeim Sigurði G. og Guðmundi Ólafssyni – skemmtilegasta útvarpsduétt landsins. Þeir voru því miður fjarri en í staðinn var ákaflega sköruglegur maður að tala og fór ekki á milli mála að þar var maður sem aldeilis lét engan vaða ofan í sig. Gott ef hann var ekki beinlínis róttækur. Hann vildi selja RÚV og alls kyns annan rekstur ríkisins sem hann taldi og færð ymis rök fyrir að væri betur kominn hjá einstaklingum.

Þetta var Birgir Ármannsson. Og næst þegar ég heyrði í honum var hann að útskýra fyrir fréttamanni RÚV hvers vegna allsherjarnefnd, sem hann veitir forstöðu, hefði ekki svo mikið sem tekið breytingarfrumvarp Valgerðar Bjarnadóttur við Eftirlaunalög Davíðs Oddssonar til umræðu, en látið það liggja neðst í bunka, og á honum að heyrja að til stæði að hleypa frumvarpinu áfram.

Eftirlauna-ósóminn

Þegar Davíð Oddsson var um það bil að hætta ráðherradómi og þingmennsku fór ekki á milli mála að hann taldi þjóðina standa í mikilli þakkarskuld við sig – svo mjög raunar að honum þótti rétt að hafa hönd í bagga með því hvernig sú þakkarskuld væri nóg samlega tjáð. Þá varð til eftirlaunafrumvarpið tveimur dögum fyrir jólaeyfi þingmanna árið 2003, og var snúið svo sérstaklega að þörfum Davíðs að þar eru meira að segja ákvæði um að ritlaun skerði ekki lífeyrinn.

Hann fékk í lið með sér aðra forystumenn flokkanna, sem öllum leist þrýðilega á að skammta sjálfum sér rausnarleg eftirlaun burtséð frá því hvað þeir tækju sér fyrir hendur á besta aldri að afloknum stjórn mála-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Eftirlaunafrumvarpið

ferlinum – og frumvarpið flaug í gegnum þingið áður en þingmenn náðu svo mikið sem klóra sér í hausnum. Margir hafa séð eftir því æ síðan.

Þótt yfirleitt sé tuð um kaup og kjör annarra – og þó að allt annar bragur sé á sambandi núverandi forsætisráðherra við landsmenn en tíðkaðist hjá þeim Halldóri og Davíð – þá var þessi sjálf taka á allt öðrum eftirlaunakjörum en aðrir þegnar landsins búa við óvenju bírafín, og vanþóknun þjóðarinnar á verknaðinum hefur verið þung og er ekkert að gleymast.

Að öðrum ólóstuðum var það einkum ein manneskja sem hélt merkinu hátt á loft, Valgerður Bjarnadóttir sem nú er varþingmaður Samfylkingarinnar en skrifaði þá beitta og skemmtilega pistla í þetta blað með öðrum störfum, og endaði þá ævinlega með því að segja eitthvað á þessa leið: Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði aflagður.

Hún lét það því verða sitt fyrsta verk þegar hún settist á þing sem varamaður að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um eftirlaun æðstu embættismanna landsins þar sem hún lagði til að lífeyriskjör þingmanna, ráðherra og annarra æðstu embættismanna skyldu færð til samræmis við aðra ríkisstarfsmenn.

Sjaldan hefur nokkurt frumvarp vakið viðlíka fögnuð meðal

þingheims. Hver af öðrum stóðu þeir upp þingskörungarnir og lýstu yfir eindregnum stuðningi sínum við að þessi forsmán yrði aflögð.

Svo fór málið í nefnd.

Í nefnd

Svo var málið í nefnd. Og enn er málið í nefnd. Sá sem hefur þann starfa með höndum að halda því í nefnd er nefndur Birgir Ármannsson, þingmaðurinn ungi sem var svo skeleggur og róttækur á Útvarpi Sögu. Hann hafði það helst að segja þegar hann var spurður hvers vegna í ósköpunum nefndin hefði ekki einu sinni ómakað sig til að ræða málin og hvað þá afgreiða það frá sér, að hér væri um að ræða frumvarp frá almennum þingmanni en ekki stjórnarfrumvarp sem hefðu forgang í nefndinni. Formaður allsherjarnefndar játar það með öðrum orðum blygðunarlaust á opinberum vettvangi að frumvörp þingmanna séu látin daga uppi í nefnd. Hann gefur þingmönnum þau skilaboð að það sé alveg út í loftið fyrir þá að leggja fram frumvörp því að allsherjarnefnd muni ekki taka þau fyrir heldur aðeins stjórnarfrumvörp. Sjaldan hefur almennur þingmaður verið jafn aumur gagnvart framkvæmdavaldinu. Hann virðist telja að hlutverk lögjafarvaldsins sé það eitt að hafa uppi málamyndaumfjöllun um frumvörp sem berast frá framkvæmdavaldinu, afgreiða þau svo til samþykktar.

Þetta er í hnotskurn vandinn við Sjálfstæðismenn. Þeir eru ekki þingræðissinnar (sem sýndi sig nú síðast í Reykjavík þegar þeir leiddu Ólaf F. Magnússon umboðslausan í hásetið). Þeir aðhyllast ekki þriggreiningu valdsins. Þeir hafa í rauninni enn ekki fallist á að franska stjórnarbyltingin hafi átt rétt á sér.

Jákvæð niðurstaða?

UMRÆÐAN

Skipulagsmál

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Glæðheimasvæðinu í Kópavogi var unnið umhverfismat. Eflaust er það faglega unnið. En fyrir leikmenn og óbreytta borgara er ýmislegt sem þarfnast skýringa.

Í skýrslunni kemur fram að áhrif á andrúmsloftið séu neikvæð en að svo verði einnig ef ekkert er byggt. Mengun aukist þó ef byggt verður. Ekki er bent á neinar mótvægisáðgerðir aðrar en að mæla loftgæði og stuðla þannig að halda mengun niðri. Mæling ein og sér dregur auðvitað ekki úr mengun. Fátt annað er til ráða nema að draga úr bílaumferð.

Í skýrslunni segir að byggðin verði að nokkru leyti háreist. Réttilega er bent á að bygging háreistra húsa sé umdeild. Í ljósi þessa eru áhrif á landslag talin bæði jákvæð og neikvæð. Ef ekkert er gert á svæðinu eru áhrifin einnig bæði jákvæð og neikvæð, því að núverandi hestúsa-byggð fellur „illa að heildaryfirbragði svæðisins en er jákvæð í augum þeirra sem ekki kunna við háreista byggð“. Sem sagt – þeir sem ekki vilja



HAFSTEINN KARLSSON

háhýsi á Glæðheimasvæðinu vilja hafa hestúsin. Skyldu nú allir vera sammála þessu? Ekki er minnst á í skýrslunni að háhýsin kunni að hafa áhrif bæði á sólfar og vind.

Í skýrslunni er efnahagur og atvinnulíf metinn sem umhverfisþáttur. Þetta hafa ekki talist til umhverfismála í hefðbundnum skilningi hingað til. Uppbygging efnahags og atvinnulífs leiðir hins vegar oft til árekstra við umhverfið og þess vegna er reynt að meta áhrifin og draga úr þeim. Þessi liður hefur afar jákvæð áhrif á umhverfið að mati skýrsluhöfundar. Það kann einnig að koma mörgum spánsk fyrir sjónir að nærliggjandi húsnæði eru einn af umhverfisþáttunum. Uppbygging á Glæðheimasvæðinu er talin gera eignir verðmætari og er því metin afar jákvæð í umhverfismatinu. Miklu meiri mengun og hávaði en...

Niðurstaða matsins er því að mengun og hávaði stórukust. En þar sem nálæg hús hækki í verði og atvinnulíf verði blómlegra sé jákvætt út frá umhverfissjónarmiðum að fyrirhuguð byggð risi í Glæðheimum!

Höfundur er bæjarfulltrúi

GARÐVERKIN KALLA

Þó að enn megi segja að sé hávetur má ýmislegt gera í garðinum og um að gera að fara að taka til hendinni.

HEIMILI 2



HEIMILISPRÝÐI

Fallegir púðar geta lífgað upp á heimilið hvort sem þeir eru hafðir í sófanum, í stofunni eða á rúmteppinu í unglingaherberginu.

HEIMILI 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýtt!

Cleanaer lofthreinsitækið:

Hreinsar ryk
Eyðir lykt
Fækkar ofnæmisvöldum
Gefur ferskan ilm

Verð aðeins
kr. 6.900,-



Ofnæmis-
stjórnun



Fjarlægir
gæludýralykt



Frískar og
gefur ilm



Fjarlægir
tóbaksreyk

Cleanaer lofthreinsitækið fjarlægir óæskilegar agnir úr loftinu og gerir það hreinna og ferskara. Cleanaer gefur líka frá sér ferskan ilm til að fullkomna verkið. Tækið gengur fyrir rafhlöðum.

ECC

Bolholti 4 - Sími 511 1001 - Opið 10-18 - ecc.is

5125050
Auglýsingasími
- Hest losið

Helga Arnalds með dúkkuna sem hún fékk fyrir sjö árum og lítur á sem nokkurs konar verndargrip.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Antík og erfðagripur

Brúður skipa stóran sess í lífi Helgu Arnalds enda er hún brúðuleikhússtjóri.

Þegar Helga er spurð um eftirlætishlut á heimilinu bendir hún á forkunnar fallega brúðu sem nú er orðinn forngripur. „Þessa dúkku gaf amma mín, Guðrún Laxdal, mér fyrir sjö árum og hún er í miklu upphaldi. Ég lít á hana sem nokkurskonar verndargrip.“

Helga rekur sögu dúkkunnar aftur til öndverðrar 20. aldar. „Amma fékk hana frá pabba sínum þegar hún var fjögurra ára, árið 1918. Trúlega hefur þetta verið ein finasta dúkka sem til var í landinu þá því hún gat hreyft fæturna og getur það enn, enda gætti

amma þess að fara vel með hana.“ Í framhaldinu sýnir Helga fótafimi dúkkunnar og eins og í mannlíkamanum þá stjórnar höfuðið hreyfingum fótanna, þó ekki með heilabúinu heldur snertingu. „Langafi var efnaður maður sem gat leyft sér að fara til útlanda. Þar keypti hann dúkkuna. Hann hét Jón Laxdal og var kaupmaður og líka tónskáld en þénaði áreiðanlega meira á kaupmennskunni en tónsmíðunum. Amma missti foreldra sína mjög ung og var orðin munaðarlaus þegar hún var 12 ára, þannig að hún tengdi dúkkuna við foreldrana og minninguna um þá góðu tíma sem hún átti með þeim. Það var því ekki að furða þó hún geymdi hana vel.“

gun@frettabladid.is



weber

– flott á veröndina

weber

– mikið úrval af aukahlutum

Útsöluaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmíðjan · Egg · www.weber.is

Gensiss E310

www.weber.is



KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is



VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Fermingarboðskort
www.myndval.is

Við erum flutt í Strætó húsið í Mjóddinni

myndval Þórgabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is

Nú viðrar til vorverka

Nú þegar hlýnar og snjólaust leysir má fara að huga að garðyrkju-störfunum. Valborg Einarsdóttir, starfsmaður Garðyrkjufélags Íslands, ráðlagði Fréttablaðinu hvaða verkum ætti að sinna í mars.

■ Í mars má huga að klippingu runna og nú er góður tími til að snyrta runna og limgerði. Klippa á allar dauðar greinar burt, líka gamlar sverar greinar, og óhætt er að ganga hraustlega til verks. Klippa þarf runnana síðan reglulega yfir allt sumarið og víði má klippa allt árið. Rósarunna á þó að bíða með að klippa þangað til ekki er von á meira frosti. Í vorhreti geta rósarunnar auðveldlega kalið svo best er að klippa þá í maí. Horfa má til breskra skrudgarða þegar verið er að snyrta runna en Bretar eru snillingar í að móta runna og limgerði fallega til.

„Mér var sagt að ég væri fæddur 12. mars 1889.“ Það bendir til að hann hafi ekki talið það öruggt. En þegar farið var að halda upp á merkisafmælin hans, fyrst fimmtugs og önnur þar á eftir þá var alltaf miðað við árið 1889. Nú erum við að brjóta þessa hefð og minna á fæðingarárið 1888, sem er hið rétta, samkvæmt öllum gögnum.“

gun@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Þorvarðarson

Fannafold 127 a,

verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 12. mars kl 13.00.

Hólmfríður Gísladóttir
Rósa Magnúsdóttir
Hjalti Magnússon
Steinn Magnúsdóttir
og barnabörn.

Pétur Eysteinnsson
Sigríður María Sverrisdóttir
Georg Eggertsson

Lesið upphátt í nýjum sal

Stóra upplestrarkeppnin á Akranesi fór fram í tíunda sinn á dögunum. Keppnin fór fram í nýjum sal Tónlistarskóla Akraness og hefur salurinn fengið nafnið Tónberg.

Safnaðarheimilið Vinaminni hósti áður keppnina. Kristín Steinsdóttir rithöfundur ávarpaði þátttakendur og gesti og ræddi um vandaðan upplestur og flutning ritaðs máls. Fjór-tán keppendur lásu sögukafla og ljóð af stakri þryði. Fjögurra manna dómnefnd veitti öllum þátttakendum bókaverðlaun og Sparisjóðurinn

Akranesi veitti þremur bestu lesurum peningaverðlaun og allir þátttakendur fengu bíómiða. Gréta Stefánsdóttir í 7. bekk Grundaskóla varð sigurvegari, í öðru sæti varð Arnaldur Ægir Guðlaugsson, einnig úr Grundaskóla og í þriðja sæti Kristín Releena Jónasdóttir úr Brekkubæjarskóla. Veitt voru verðlaun til fjögurra 7. bekkinga vegna myndskreytingar boðskorts. Tveir pólskir nemendur lásu pólskt ljóð og nemendur úr tónlistarskólanum voru með tónlistaratriði.



AKRANESI Nýr salur tónlistarskólans hefur fengið nafnið Tónberg en þar fór fram tíunda upplestrarkeppni bæjarins.



Með bílinn handa þér



ÞAÐ LANGAR ALLA
AÐ FARA ALLA LEIÐ

www.landrover.is



Með bílinn handa þér

RANGE ROVER SPORT

Fyrir þá sem geta valið hvað sem er – er valið einfalt! Þegar kröfurnar eru ríflegt rými, fullkomnir aksturseiginleikar, fágun í öllum frágangi og útlit sem sómir sér jafn vel á vegum úti og við tröppur Þjóðleikhússins, er Range Rover Sport hinn augljósi valkostur. Eigendur Range Rover gera miklar kröfur og sú staðreynd að þessi breski lúxusbíll trónir á toppnum ár eftir ár ættu að vera nægjanleg meðmæli. Við þá sem enn kunna að efast segjum við: Skoðaðu staðalbúnaðinn í Range Rover Sport og spurðu sjálfan þig hvort þú þráir ekki innst inni að fylgja hinu margfræga kjörorði Land Rover og „FARA ALLA LEIÐ“?

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200



GO BEYOND



STUÐ MILLI STRÍÐA Logið til um fortíðina

VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR UM ÆVISÖGUR OG SKÁLDSKAP



Nýverið kom út í Bandaríkjunum sjálfsvísasaga hinnar rúmlega þrítugu Margaret B. Jones. Í bókinni rekur Jones átakanlega æsku sína; hún var ung fjarlægð frá ofbeldisfullum foreldrum sínum og flutt frá einu fósturheimilinu á annað þar til hún hafnar loks, átta ára gömul stúlka af ættum hvíttra og indíána, hjá þeldökkri fjölskyldu í glæpahverfinu alræmda South Central í borg englanna, Los Angeles. Jones innlimaðist ung í glæpaklíkuna Bloods og var tólf ára gömul komin á kaf í eiturfjasölu og glæpastarfermi. Þrátt fyrir mótlæti í lífinu tekst stúlkunni þó að rífa sig upp úr svaðinu, hljóta styrk til háskóla-

náms og skrifa ævisögu sína. Bókin er sumsé baráttusaga sem endar vel; vinsæl sagnagrein í meira lagi. Bókin hlaut glimrandi viðtökur gagnrýnenda og lesenda og var Jones hampað sem mikilvægri rödd í baráttunni við bandaríska glæpaklíkumeningu. Jones fékk mikla jákvæða athygli fjölmiðla vestra og frami hennar virtist vera komin á blússandi siglingu þar til að áfallið reidi yfir: í síðustu viku játadi hún að æviminningarnar voru uppspuni frá rötum. Margaret B. Jones heitir réttu nafni Margaret Seltzer. Foreldrar hennar eru báðir hvítir og hún ólst upp í huggulegu úthverfi vel stæðra í Los Angeles. Í kjölfar opinberunarinnar hefur bók Seltzer, eða Jones, verið tekin

úr sölu og er fólki sem hafði keypt sér eintak boðnar skaðabætur fyrir gallaða vöru. Útgefandi bókarinnar er eðlilega svikinn og sár og hefur tapað nokkrum fjármunum, enda var mikið lagt í markaðssetningu bókarinnar. Viðbrögð fjölmiðla-fólks einkennast fyrst og fremst af hneykslan.

Það sem þó er kannski athyglisverðast við fjaðrafokið allt er að sagan sjálf sem bókin hefur að geyma virðist skyndilega vera orðin einskis virði. Þetta stafar að sjálfsgöðu af því að lesendur dæma skáldskap út frá öðrum forsendum en ævisögur, en ætli bókin hefði þótt nokkurs verð hefði hún frá upphafi verð markaðssett sem skáldsaga?

Inskráning Fjórætur Hálfgamband Stöð 2... Gjalabréf Kaupa sjómargasáttvætti Fréttablaðið

visir.is Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, leikjötölur, iPod og margt fleira...

Forsíða Fjórætur Vísir.is Gjalabréf Kaupa sjómargasáttvætti Fréttablaðið

Forsíðuleikur **visir.is** Fjöldi skemmtilegra ferðavinninga með **Iceland Express**

Taktu þátt í Forsíðuleik visir.is og þú getur unnið gleslegan ferðavinning hjá Iceland Express. Gættu þess að andvirði 25.000 kr. og 50.000 kr. gætu þú komið á spá til einhvers af 14 áfangastöðum Iceland Express. Þú skráir þig einfaldlega hér á visir.is og getur visir.is að upphafssíðu vafarans þína...

Iceland Express með árangri

Apple iPod fyrir alla fjölskylduna frá Skifunni

Wii

TAKTU ÞÁTT



Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

Þú hlustar á í bítíð þegar þér hentar á visir.is. Í bítíð á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi fréttar- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni liðandi stundar ásamt Gissiri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

visir.is
...ég sá það á visir.is



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Stabat Mater endurflutt

Kvennakórinn Vox feminae heldur tónleika undir yfirskriftinni Stabat Mater í Kristskirkju Landakoti á miðvikudagskvöld kl. 20.30.

Stabat Mater, sem John A. Speight samdi sérstaklega fyrir Margrétu J. Pálmadóttur og Vox feminae, var frumflutt í nóvember og er eitt lengsta verk sem samið hefur verið fyrir íslenskan kvennakór. Inntak þess er helgað Maríu guðsmóður við krossfestingu Krists og á tónleikunum verður einnig flutt úrval kirkjulegra verka sem hæfa þeim tíma kirkjuársins sem fram undan er. Flytjendur auk Vox feminae eru Sigríður Aðalsteinsdóttir messósópran, Daði Kolbeinsson englahorn, Sif Tulinius, 1. fiðla og konsertmeistari, Hildigunnur Halldórsdóttir, 2. fiðla, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóla, Bryndís Halla Gylfadóttir selló og Hávarður Tryggvason bassi. Listrænn stjórnandi tón-



VOX FEMINAE Heldur tónleika á miðvikudagskvöld.

leikanna er Margrét J. Pálmadóttir en flutningi verksins Stabat Mater stjórnar tónskáldið John A. Speight.

Miðaverð er kr. 2.000 í forsölu en kr. 2.500 við innganginn. Miðar eru til sölu hjá kórfélögum og við innganginn. -vp

Tómas syngur loks í Tíbrá

Þau Ljúbov Stuchveskaya, Tómas Tómasson og Kurt Kopecky halda söngtónleika í Tíbrá-tónleikaröð Salarins annað kvöld kl. 20. Á efnisskránni, sem er bæði rómantísk og ástríðufull, eru ítölsk og rússnesk sönglög, aríur og dúettar eftir Tsjajkovskíj, Rachmaninoff, Tosti og Verdi.

Hjónin Ljúbov og Tómas kynntust í Lundúnum haustið 1993 og sungu eftir það saman á ýmsum tónleikum í Royal College meðan þau voru í námi þar, meðal annars í Sálumessu Verdis. Þau héldu einnig hádegistónleika í óperuhúsum í Antwerpen og Gent í Belgíu, þar sem Tómas sá um sönginn en Ljúbov lék með á pianó. Þar voru á efnisskrá meðal annars íslensk, skandi-

navísk og rússnesk sönglög, en á tónleikunum í Tíbrá færa þau sig yfir í óperuna sem er þeirra aðalstarfsvettvangur.

Tómas Tómasson telst til farfuglanna okkar í íslensku söngvarastétt, á að baki glæsilegan feril í óperuhúsum um víða veröld, og er nú loksins kominn til að syngja fyrir landann. Að undanförunu hefur hann sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar í hlutverk Giorgio Germont í margrómaðri uppfærslu Íslensku óperunnar á La Traviata, sem gengur fyrir fullu húsi kvöld eftir kvöld í óperunni.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr., en eldri borgarar, öryrkjar og nemar fá miðann á 1.600 kr. -vp



TÓMAS TÓMASSON Syngur í fyrsta skipti í Tíbrá í Salnum annað kvöld.

NÝJAR BÆKUR

Leitin lífandi – líf og störf sextán kvenna, í ritstjórn Kristínar Aðalsteinsdóttur, er komin út á vegum Háskólaútgáfunnar og er ólík mörgum viðtalsöfnum sem hér hafa sést sökum þess að þar greina sextán konur, sem allar hafa lokið doktorsnámi við erlenda háskóla,

frá ferli sínum. Þær starfa ýmist við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri eða Kennaraháskóla Íslands og hafa allar, um lengri eða skemmri tíma, stundað eigin rannsóknir og miðlað þeim ríkulega í ræðu, kennslu og riti. Í bókinni greina konurnar frá eigin fræða- og rannsóknarsviði, hvernig áhugi þeirra á því vaknaði og hvernig þeirra eigin lífssaga og persónuleg reynsla hafði áhrif á starfsval þeirra. Þær fjalla einnig um hugmyndafræðilega þróun innan síns fræðasviðs og hvernig hún hefur endurspeglast í lífi þeirra, störfum og rannsóknunum.

Frá Háskólaútgáfunni er einnig komin bókinn Hegravarpíð eftir Lise Tremblay, kanadískan rithöfund. Smásgagnasafnið kom út í Montréal árið 2003 og vakti strax mikla athygli gagnrýnenda og hjá íbúum Trönueyjar (Isle-aux-Grues) þar sem hún var þá búsett.

Í titilsögunni sækir höfundurinn innblástur í atburði sem gerst höfðu í eygni. Eyjarskeggjar þóttust sjá sjálfa sig í sögupersónum Tremblay og kunnu henni litlar þakkir fyrir. Hún hrökklaðist burt. Viðfangsefni hennar ná þó langt út fyrir ónafngreinda bæinn í norðri. Lise Tremblay fæddist árið 1957 í litlum bæ í norðurhluta Québec-fylkis. Hún lauk prófi í blaðamennsku og lagði svo stund á bókmenntir og ritlist við Québec-háskóla í Montréal.

Sstofnun Vígðisar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan kynna bókina Villa á öræfum / Allein durch die Einöde, nýja tvímála útgáfu á hrakningasögum Pálma Hannessonar. Bókin er á tveimur tungumálum, íslensku og þýsku, og eru hér birtar nokkrar af kunnustu hrakningasögum Pálma

samhliða á báðum tungumálum og einnig fylgir ítarleg greinargerð eftir Marion Lerner á þýsku og íslensku, en hún þýddi söguna á þýsku. Loks eru kort af söguviði hvernar frásagnar í óbyggðum Íslands og er án vafa mikill fengur að þessu verki fyrir áhugamenn um hálendið og hrakningasögur Pálma Hannessonar sem hafa verið ófánlegar árum saman.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

FORMÚLA 1

HEFST Í KVÖLD KL. 19:40

- Í kvöld kl. 19:40 Frumsýning Formúlu 1 keppnisliða
- 12. mars kl. 21:40 Að tjaldabaki með Sýn
- 13. mars kl. 20:00 F1: Við rásmarkið, rætt við ökumenn og áhugamenn
- 13. mars kl. 22:55 F1: Æfing 1, bein útsending frá Ástralíu
- 13. mars kl. 02:55 F1: Æfing 2, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
- 14. mars kl. 23:55 F1: Æfing 3, bein útsending frá Ástralíu
- 14. mars kl. 02:45 F1: Tímataka, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
- 15. mars kl. 04:00 F1: Kappakstur, bein útsending frá Ástralíu – Eftir miðnætti
- 16. mars kl. 22:00 F1: Við endamarkið. Uppgjör mótsins í Ástralíu

Upplýsingar um Formúlu 1 mótin og útsendingar Sýnar er á www.kappakstur.is

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

besta sætið

> BJÓRBARN

Matthew McConaughey ku íhuga að feta í fótspor eldri bróður síns og skira ófæddan erfingja eftir uppáhaldsbjórtegundinni sinni. Sonur bróðursins fékk nafnið Mill-er Lyte, en McConaughey ku vera spennur fyrir Bud, eftir Budweiser. Camila Alves, barnsmóðir leikarans, er víst ekki alveg jafn spenn.



fólk
folk@frettabladid.is

Victoria hannar með Mouret

Victoria Beckham mun hanna tískulínu í samvinnu við hönnuðinn Roland Mouret, sem hefur verið afar vinsæll á síðustu árum. Tískulínan verður gerð í takmörkuðu upplagi, en ber sem stendur vinnuheitið Little Black Dress collection, eða Litla svarta kjóls-línan.

„Þetta verður stórkostlegt fyrir Victoriu. Gallabuxna- og sógleraugnalínur hennar hafa gengið mjög vel, en þetta færir hana upp á annað plan. Roland Mouret er mjög virtur hönnuður. Að hann fallist á að vinna með Victoriu sýnir að hún er alvöru tísku-

spekúlant, ekki bara frægt nafn,“ segir heimildarmaður breska tímaritsins Hello. „Þau voru í

sambandi á meðan Victoria var á tónleikaferðalagi með The Spice Girls og hann hefur verið mjög hrifinn af hugmyndum hennar hingað til,“ segir hann.

Línan mun samanstanda af tíu flíkum og verður aðeins fánæg í fáum, útvöldum búðum. Verslanir eins og Fred Segal í Los Angeles, og hin virta Colette í París hafa báðar sýnt því áhuga að fá línuna til sölu.

Victoria hefur sjálf lengi verið hrifin af hönnun Mourets. Hún klæddist meðal annars bleikum Moon-kjól frá honum þegar hún fylgdist með fyrsta leik eiginmanns síns, Davids Beckham, með Los Angeles-liðinu Galaxy.



MOON FRÁ MOURET Victoria Beckham hefur oft klæðst kjólum frá hönnuðinum Roland Mouret, en nú munu þau leiða saman hesta sína og skapa litla tískulínu saman.

Súpersvalur Frakki syngur á ensku

Hinn súpersvali franskur tölvupoppari Sébastien Tellier verður fulltrúi Frakka í Eurovision í ár og flytur lag sitt, „Devine“. Með laginu er blað brotið í sögu Eurovision því þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem hinir stoltu Fransmenn gefast upp fyrir enskum poppáhrifum og flytja lagið sitt eingöngu á ensku.

Sébastien Tellier er stórt nafn á frönsku senunni og hefur gert þrjár stórar plötur auk þess að sjá um tónlist í nokkrum kvikmyndum. Eurovisionlagið er af nýjustu plötu hans, Sexuality, sem situr þessa stundina í öðru sæti franska vinsældalistans. Plötuna vann Sébastien með

Guy-Manuel de Homem Christo, öðrum helmingi hins heimsfræga dúetts Daft Punk. Sébastien hefur löngum verið talinn upp með Daft Punk og Air sem helsta útflutningsvara Frakka í svala tölvupoppinu.

Frakkland er eitt af „stóru löndunum“ og fer lag þeirra beint í úrslitabáttinn. Með þessu vali vilja Frakkar sýna lit og brjóta upp þann vana að senda eintóma ballöðusöngvara í keppnina.

SÓGLERAUGUN ERU ALDREI LANGT UNÐAN Sébastien Tellier fer í Eurovision.



Scarlett í sambúð

Alvara virðist vera komin í samband Hollywood-parsins Scarlett Johansson og Ryan Reynolds því fregnir herma að Scarlett sé flutt inn til kærastans.

Þótt Scarlett, sem er 23 ára, sé vafalítið í skýjunum yfir ráðahagnum er móðir hennar ekki eins ánægð. „Scarlett finnst hún vera tilbúin til að flytja inn til Ryans og telur hann vera draumaprinsinn sinn,“ sagði kunningileikkonunnar. „Móður Scarlett finnst hún aftur á móti of ung til að festa rætur og óttast að hún sé að flýta sér um of.“

Í janúar síðastliðnum bárust fregnir af því að hinn 31 árs Ryan hefði beðið Scarlett um að giftast sér en þær hafa ekki fengið staðfestar. Tæpt ár er síðan parið byrjaði saman en Ryan átti áður í ástarsambandi við söngkonuna Alanis Morissette. Scarlett var á hinn bóginn með leikaranum Josh Hartnett.



DRAUMAPRINSINN FUNDINN Scarlett er flutt inn til kærasta síns, Ryans Reynolds.

EUROVISION

75 DAGAR TIL STEFNU

ÓUMDEILANLEGUR SIGURVEGARI

SUBARU LEGACY ER SÉRLEGA VEL BÚINN OG FLOTTUR BÍLL Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI. LEGACY ER FJÓRHJÓLADRIFINN OG HLAÐINN BÚNAÐI SEM GERIR HANN AÐ LANGBESTU KAUPUNUM Í SÍNUM FLOKKI. GERÐU SAMANBURÐ – ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVI.

Subaru Legacy



Verð frá: **2.750.000 kr.**

Ríkulegur búnaður:

Fjór hjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölvu, hraðastillir o.m.fl.

Þú færð nýjan bíl afhentan fyrir páska



GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegis til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammislenka pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



SKÁTAR Hljómsveitin Skátar var valin Sonicbids-listamenn vikunnar.

Listamenn vikunnar

Hljómsveitin Skátar fékk á dögunum verðlaunin „Sonicbids-listamaður vikunnar“ hjá hinu virta bandaríska tónlistartímariti CMJ. Viðurkenningin þýðir að hljómsveitin verður kynnt rækilega bæði í CMJ og á heimasíðu Sonicbids, en þar eru þær hljómsveitir kynntar sem sækja um að spila á hinum ýmsu tónlistarhátíðum. Á meðal þeirra eru SXSW í Texas, Popkomm í Berlín, Great Escape í Brighton og Iceland Airwaves.

Fram undan hjá Skátum er spilamennska á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem fer fram 21. til 23. mars. Einnig stefnir sveitin á upptökur á nýjum lögum í apríl.

Neil Young á Hróarskeldu

Bandaríski tónlistarmaðurinn Neil Young spilar á Hróarskeldu-hátíðinni í Danmörku í byrjun júlí. Sjö ár eru liðin síðan Young steig síðast á svið á Hróarskeldu við mjög góðar undirtektir.

Á meðal þeirra sem hafa einnig boðað komu sína á hátíðina í sumar eru Radiohead, Chemical Brothers, Slayer, Band of Horses, My Bloody Valentine, The Streets og Teitur. Stefnir því allt í fjölbreytta og skemmtilega hátíð í ár eins og svo oft áður. Nánari upplýsingara má sjá á síðunum roskilde-festival.is og roskilde-festival.dk.

Sálin tuttugu ára í dag

Ein ástsælasta hljómsveit landsins, Sálin hans Jóns míns, er nákvæmlega tuttugu ára í dag. Afmælið er miðað við fyrstu tónleika sveitarinnar sem haldnir voru í Bíókjallaranum fimmtudagskvöldið 10. mars 1988.

„Við höfðum ráðið okkur sem húsbændi í kjallaranum út marsmánuð og réðumst strax í að taka upp plötu fyrsta kvöldið, þannig að mikið var undir,“ segir Stefán Hilmarsson. „Það var mikil samkeppni um tónleikagesti þetta kvöld. Fyrir ofan okkur í Tunglinu var hljómsveitin E-X að spila og HAM að hita upp fyrir þá.“

Þetta var í fyrsta skipti sem HAM spilaði, svo HAM er nákvæmlega jafngömul Sálinni. E-X var að kynna nýja tveggja laga plötu, sem reyndar týndist á leiðinni til landsins og kom aldrei út. Í Casablanca við Skúlagötu var svo Geiri Sæm að spila með Hunangstunglinu. „Það var nokkuð líflegt á tónleikasviðinu á þessum tíma, enda internetið ekki komið til skjalanna,“ segir Stefán.

Það stýttist óðum í 20 ára afmælis-tónleika Sálarrinnar í Höllinni á

föstudaginn. Um 5.000 manns hafa tryggt sér miða og stutt er í að verði uppselt. Tónleikadagskráin spannar allan ferilinn og verður myndum og myndböndum síðastliðinna 20 ára varpað upp á risaskjá. Í 13-platna kassanum „Vatnaskil“, sem kemur út í vikunni, verður ýmis fróðleikur um Sálinu og fjöldi ljósmynda. Útgefandi og hljómsveitarmeðlimir hafa því legið í einskona fornlifauppgreftri undanfarið. Margt hefur komið í ljós, meðal annars ljósmynd sem tekin var fyrir plötu um haustið 1991 af Stefáni í skræpóttri skyrtu.

„Það var mikið búið að leita og búið að telja margar myndir af, meðal annars alla þessa sessjón frá 1991,“ segir Stefán. „Þarna skryddist ég forlata handgerðri og handmálaðri skyrtu sem keypt var dýru verði erlendis. Pétur heitinn Kristjánsson var mjög hrifinn af skyrtunni og taldi að hún væri í það minnsta „fimmtán grýlna“, sem þóttu ansi góð meðmæli. Pétur hafði sérstakan mælikvarða á fatnað sem tók mið af því hversu margar „grýlur“ væri mögulegt að veiða á viðkomandi flík.

Orðið grýla notaði hann eins og sumir nota orðin „gella“ eða „skvísá“, en það þótti honum alltof flöt orð. Óprúttinn tónleikagestur tók svo skyrtuna ófrjálsri hendi nokkrum vikum eftir myndatökuna og hefur hennar verið sárt saknað síðan. Ef þessi fingralangi gestur hefur skyrtuna ennþá undir höndum, væri æskilegt að henni yrði skilað sem fyrst, og allra helst á föstudagskvöldið!“

gunnarh@frettabladid.is

HVER LUMAR Á ÞESSARI SKYRTU? Stefán vill fá hana aftur, enda er hún „fimmtán grýlna“.



AUGLÝSING FYRIR FYRSTA GIGG SÁLARRINNAR Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Á meðan **Christina Aguilera** hefur hoppað af hamingju yfir nýjum og þrýstnari línunum í kjölfar fæðingar er **Nicole Richie**, önnur nýbökðu móðir, ekki jafn hrifin - mömmu-brjóstin passa ekki við fataskápinn hennar. „Ég er oft í peysum sem sést í gegnum, en það er ekki druslulegt á mér þar sem það er ekkert að sjá. Nú get ég ekki farið í þær lengur,“ segir hún.



Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.

Filmuprentarar, bleksprautuprentarar, límíðaprentarar, álímingarvélar, kassaprentarar og laserprentarar.

Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR



INGVAR HELGASON

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN
NÓTTU LÍFSINS
THE BUCKET LIST

AUGUST RUSH

ÞAD ELSKA ALLIR JUNO!
BESTI VINUR MAANNA

SELFOSS			
THE BUCKET LIST	DIGITAL	kl. 6 - 8 - 10:10	7
AUGUST RUSH		kl. 5:30 - 8	7
DARK FLOORS		kl. 10:30	14
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:30	16
STEP UP 2		kl. 5:50 - 8 - 10:10	7
P.S. I LOVE YOU		kl. 8	L
AKUREYRI			
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 6	L
THE BUCKET LIST		kl. 8	7
STEP UP 2		kl. 6 - 10	7
JUNO		kl. 8	7
DARK FLOORS		kl. 10	16
KEFLAVÍK			
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	L
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	L
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:20	16
27 DRESSES		kl. 8	L

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SEMI-PRO FLUGDREKAHLAUFARINN RAMBO

20% afsláttur fyrir Vörðufélaga

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
SEMI-PRO		kl. 6, 8 og 10	12
FLUGDREKAHLAUFARINN		kl. 5.30, 8 og 10.20	12
RAMBO		kl. 8 og 10	16
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM		kl. 5.30	L

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

SEMI-PRO THE ORPHANAGE AUGUST RUSH

Hugljóf og í allan stað fráber mynd um drauma og hvernig þeir ræstast ef maður bara vill trú þvi.

27 Dresses THE KITE RUNNER DIVERING BELL

SPRÖN TOPPUR

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5% REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

SMÁRA BÍÓ			
SEMI PRO		kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	12
SEMI PRO LÚXUS		kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	
BE KIND REWIND		kl. 5:45 - 8 - 10:15	
27 DRESSES		kl. 8 - 10:30	
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	ISL. TAL.	kl. 3:40	L
JUMPER		kl. 6 - 10:10	12
BRÚÐGUMINN		kl. 3:40 - 5:50 - 8	7

REGNBÖGINN			
THE ORPHANAGE		kl. 6 - 8 - 10	16
AUGUST RUSH		kl. 5:30 - 8 - 10:30	
BE KIND REWIND		kl. 8 - 10:15	
DIVING BELL		kl. 5:40 - 8	
27 DRESSES		kl. 5:30 - 10:10	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919 BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

HÁSKÓLA BÍÓ			
SEMI PRO		kl. 6 - 8 - 10	12
THE KITE RUNNER		kl. 6 - 9	12
THERE WILL BE BLOOD		kl. 8	16
INTO THE WILD		kl. 10:10	7
ATONEMENT		kl. 5:30	14
BRÚÐGUMINN		kl. 5:50 - 8	7

BORGAR BÍÓ			
SEMI PRO		kl. 6 - 8 - 10	12
THE KITE RUNNER		kl. 8	12
BE KIND REWIND		kl. 10:10	
BRÚÐGUMINN		kl. 6	7

AUKAKRÖNUR FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KRÉDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM! AUKAKRÖNUR

Músíktíraunir hefjast í kvöld

Músíktíraunir hefjast í kvöld í 26. skipti. Fyrst fóru þær fram árið 1982. Þessi uppskeruhátíð bíl-skúrsbandanna fer nú fram í Austurbæ eins og undanfarin ár og verður tekið hart á því. Tíu hljómsveitir spila hvert kvöld vikunnar, samtals fimmtíu sveitir. Öll kvöldin opnar húsið kl. 18 en dag-skrá hefst stundvíslega kl. 19. Miðaverð er 800 kall. Úrslitakvöldið verður svo haldið í Lista-safni Reykjavíkur á laugardaginn.

Hljómsveitirnar eru hefðbundnið bland í poka. Á Músíktíraunum má finna blýþung rokkbönd, gáskafull flippbönd, spekingleg



SIGRÁÐI Í FYRRA Rokkbandið Shogun.

listabönd og allt þar á milli. Allar hljómsveitirnar eru þó með af

fullri alvöru enda kostaði 6.000 kall að skrá sig. Að vanda eru stelpur í miklum minnihluta þrátt fyrir jafnréttisátak undangenginna ára. Í kvöld stíga sem dæmi fjórar stelpur á svið í 37 strákar.

Í ár var einni hljómsveit vísað frá keppni vegna formgalla. Hljómsveitin DJ Flugvélar og Geimskip hafði gefið út disk hjá Melar Records og selt í 12 Tónum. Það er stranglega bannað svo sveitin tók pokann sinn.

Í sjö manna dómnefnd sitja fulltrúar fjölmiðla. Fréttablaðið leggur fram tónlistarspekúlantinn Steinþór Helga Arnsteinsson.

Gamalt bítl á okurprís

Gamlar plötur frá Bítlaárunum seljast dýru verði á netinu. Rúnar Júlíusson seldi eina plötu á fjörtíu þúsund krónur.

Ein verðmætasta íslenska hljómplata sögunnar er tvöfaldi smáskífupakkinn Umbarumbamba, sem útrásarur Hljóma, Thor's Hammer, fékk gefinn út í Englandi á vegum Parlophone merkisins árið 1966. Samtals eru sex lög á plötunum tveimur og hefur plötutvennan fengið safnara til að punga allhressilega út í þau fáu skipti sem hún er boðin til sölu. Mega þeir sem vilja vel með farin eintök allt eins eiga von á að þurfa að borga því sem nemur um 200.000 íslenskar krónur fyrir þennan sjaldsæða grip.

„Þetta er ágætis peningur fyrir eldgamlar plötur,“ segir Rúnar Júlíusson. „Það eru sumir sem vilja eiga upprunaleg eintök en það má fá alla þessa tónlist á disknum From Keflavík with Love og meira til. Ég á nú bara eitt eintak af Umbarumbamba, sem er ekki til sölu, en fyrir sirka tuttugu árum kom Sví til mín og froðufelldi alveg þegar hann sá að ég átti aukaeintak. Hann suðaði svo mikið að ég seldi honum það að lokum á fjörtíu þúsund kall.“

Thor's Hammer ævintýrið stóð yfir þegar Pétur Östlund spilaði á trommur með bandinu. „Þetta var lægðin hjá Hljómum,“ segir Rúnar. „Við spiludum blús og vorum í útrás í London, fyrstir íslenskra hljómsveita. Þetta efni var tekið upp út í London við góð skilyrði og mér finnst þetta hafa elst vel. Verðið sem fólk er að borga fyrir plötunna segir að þetta efni hefur lifað í meira en fjörtíu ár og er þetta þá ekki orðið sigilt? Miða þeir ekki við fjörtíu ár í klassíkinni?“

Eintök af Umbarumbamba eru ekki á hverju strái og það má jafnvel fá gott verð fyrir hálfkórúð eintök. Þannig seldist eitt á dögnum á eBay á 215 dollara



RÚNAR, ENGBERT, GUNNAR OG ERLINGUR SIRKA 1967 Engilbert hefur hér leyst Pétur Östlund af hólmi og Thor's Hammer ævintýrinu er lokið.

þótt aðeins væri um að ræða aðra plötuna í litljósrituðu umslagi, ekki upprunalegu. Hljómsveitin Thor's Hammer fékk einnig tvö lög gefin út á smáskífu í Bandaríkjunum hjá Columbia merkinu og sú plata er einnig sjaldsæð. Nú er eintak í boði á Ebay á 300 dali.

Verðmæti hluta breytist í tímans rás. Á útsölu-markaði Steina í kringum 1990 mátti kaupa Umbarumbamba á fimmtíu kall. Gamla íslenska fimmtíu-kallaseðla má nú aftur á móti kaupa á Ebay á 6 dali.

gunnarh@frettabladid.is

Skínandi skilnaður

Royal Family-Divorce er önnur breiðskífa hinnar alíslensku Stórsveitar Nix Noltes sem þó sérhæfir sig í þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu. Áður hefur Stórsveitin sent frá sér plötuna Orkídeur Havaí. Lögín á hinum konunglega fjölskylduskilnaði eru öll búlgörsk þjóðlög eins og þorri síðustu plötu. Stórsveitin heldur sig semsagt á svipuðum nótum enda átti maður ekki von á því að teknar væru einhverjar U-beygjur.

Alls telur Stórsveit Nix Noltes ellefu manns, ef marka má upplýsingar í umslagi plötunnar, og er því stórsveit í orðsins fyllstu. Hljómsveitin er líka stórsveit að því leyti að hún inniheldur stórmennt í íslensku tónlistarlífi, landslið grasrótartónlistarmanna. Því kemur ekki óvart að spíla-mennskan á plötunni er á engan hátt fálkennnd heldur svo bylmingsþétt að Stórsveitin gæti slegið við hvaða innfæddu búlgörsku bandi sem er.

Hljómurinn er samt pönkaðri og háværari en gengur og gerist í flutningi tónlistar frá Austur-

Evrópu. Rafmagnsgítarar eru áberandi, allt að því taumlausir og fá jafnvel að surga með tilheyrandi látum. Trommu- og ásláttarleikur skipar stóran sess og er hreint út sagt stórbrotinn en sem fyrr eru það blásturs- og strengja-hljóðfærin sem hjálpast við að skapa aðalandrúmsloftið.

Tónlist plötunnar er tónlist hinna miklu tilfinningasveiflna. Í Trakíjska Racenica og Wedding Rachenitsa er ofsinn allsráðandi á meðan gleðin er meira áberandi í Pajdusko og Kopanitsa. En eins og sönnum skilnaði sémir er treginn sjaldnast langt undan og sorgin kemur oft við sögu. Þannig býr ólýsanleg sorgarþjáning yfir Atmadja Duma Strachilu (Revolution Song) og þungi síðustu þriggja Horo(dans)-laganna fer ekki framhjá neinum.

Fljótt á lítið – eða rétta sagt hlustað – er fátt hægt að setja út á þessa plötu. Hins vegar mætti að einhverju leyti gagnrýna laga-valið. Valið er fjölbreytt en engin afgerandi lög fá að hljóma og sveitin nær ekki að framkalla



TÓNLIST

Royal Family-Divorce Stórsveit Nix Noltes

★★★★

Austur-Evrópu danssveiflan heldur áfram hjá Stórsveitinni og er jafnvel enn tilfinningaþrungnari en áður.

eins mörg úrvalslög og ætla mætti. En þegar jafn færir tónlistarmenn og þeir sem skipa Stórsveit Nix Noltes koma saman og leika þessa tegund tónlistar, af þeirri innlifun sem raun ber vitni, býður formið ekki upp á að útkoman verði slæm.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Í TJARNARBÍÓI UM HELGINA

MÁN
10 MAR
17:00 Riddarar hvíta tjaldsins
20:00 Ár úlfins
22:00 Sálumessa



ÁR ÚLFINS

er mynd úr smíðju Ollis Sarelas, eins verðlaunaðasta samtímaleikstjóra Finna. Í myndinni segir frá sambandi Mikkos, miðaldra kennara, og Sariar, sem er gáfuð, bráðfalleg háskólastúlka en þjáast af svefnþyrri.

Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS



SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

TIL HAMINGJU MEÐ 20 ÁRA AFMÆLIÐ



VATNASKIL 1988-2008

Tveir kassar sem innihalda allar plötur Sálarinnar í nýjum umbúðum ásamt fjölda mynda og fróðleik af ýmsu tagi. Inniheldur nýja safnplötu „Arg“. Útgáfudagur: 14. mars.


KASSI 1



KASSI 2



Afmælistónleikar
í Laugardalshöll 14. mars.
Örfáir miðar eftir.
Miðasala á midi.is



sena

okkar heimur // þín skemmtun

> Katrín jafnar landsleikjameitið

Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, mun jafna landsleikjameit Ásthildar Helgadóttir þegar hún spilar sinn 69. A-landsleik í dag. Íslenska liðið mætir heima-stúlkum í Portúgal í óopinberum úrslitaleik um sigur í sínum riðli á Algarve Cup. Með sigri fá íslensku stelpurnar, sem hafa unnið tvo fyrstu leiki sína á mótinu með markatölunni 6-1, tækifæri til þess að spila um 7. sætið í mótinu og myndu þar með bæta árangur sinn frá því í fyrra. Katrín lék sinn fyrsta A-landsleik fyrir tæpum 14 árum eða í 4-1 sigri á Skotum í Glasgow 9. maí 1994 en hún kom þá inn á sem varamaður fyrir Ástu B. Gunnlaugsdóttur.

sport
sport@frettabladid.is



STJÖRNUKONAN ELÍSBET GUNNARSDÓTTIR: BÚIN AÐ LEIKA HANDBOLTA Í TVÖ ÁR HANDARBROTIN

Versta beinið til þess að brjóta í hendinni

Stjörnukonan Elísabet Gunnarsdóttir lék sinn síðasta leik á tímabilinu í sigri á Haukum á laugardaginn. Elísabet er á leiðinni í aðgerð þar sem tekið verður bein úr mjöðminni og grætt í handarbakið. Hún fann fyrst fyrir óþægindum í úlnlið fyrir tveimur árum og er því búin að spila handarbrotin í tvö ár.

„Ég fer í aðgerð á fimmtudaginn. Ég fann mest fyrir þessu í byrjun tímabilsins og lét skoða þetta eftir leik á móti FH og þá kom í ljós að ég var með brotið bátsbein. Þetta er versta beinið til þess að brjóta í hendinni. Þegar ég fór í myndatökuna þá sagði lækurinn að þetta væri ekki nýtt brot. Ég veit ekkert hvenær þetta gerðist,“ segir Elísabet en nú er komið að því að hún verður að fara í aðgerð ef hún ætlar að forðast frekari vandræði í framtíðinni. „Ef ég bið eitthvað lengur þá er einhver hættu á slitigt,“ segir Elísabet. Elísabet er staðráðin í að koma aftur sem fyrst en það gæti tekið langan tíma. „Fyrst var talað um hálf tveimur árum en maður reynir bara að koma eins fljótt og maður getur. Þetta er nefnilega

svölitið stór aðgerð því það þarf að skrapa bein af mjöðminni og setja í höndina. Það er algjörlega undir mér komið hvenær ég er til. Ég ætla að fara skynsamlega í gegnum þetta og ætla ekki að fara of harkalega af stað. Það hafa nokkrir handboltamenn farið í þessa aðgerð og þeir eru að spila í dag,“ segir Elísabet bjartsýn.

Stjörnuútlur eru nýkrýndir bikar-meistarar en eru 2 stigum á eftir Fram í baráttunni um titilinn. „Það er rosalega leiðinlegt að þurfa að hætta að spila en það var viss plús fyrir mann að við náðum að vinna Hauka. Ég hefði samt alveg viljað klára þetta með betri leik en það þýðir ekkert að gráta það núna,“ segir Elísabet sem skoraði 2 mörk í leiknum. Hún er ekki alltof bjartsýn á að Fram tapi stigum. „Ég held að það sé mjög hæpið að Fram eigi eftir að tapa stigi eins og staðan er núna. Við verðum bara að treysta á það að við vinnum okkar leiki og biðja síðan til guðs að Fram misstigi sig eitthvað,“ segir Elísabet sem ætlar að vera dugleg að hvetja stelpurnar á hliðarlínunni á lokaspættinum í Íslandsmótinu.



ENBEITTUR Íslandsmeistarinn Guðmundur E. Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/

MEISTARAR 2008

Einliðaleikur karla

Guðmundur E. Stephensen Víkingi vann Kjartan Briem KR 4-0 (11-5, 11-3, 11-6 og 11-5).

Einliðaleikur kvenna

Lilja Rós Jóhannesdóttir Víkingi vann Guðrúnu G. Björnsdóttur KR 4-0 (11-5, 11-7, 11-4 og 13-11).

Tviliðaleikur karla

Guðmundur E. Stephensen og Matthías Stephensen úr Víkingi unnu Kjartan Briem og Ingólf Svein Ingólfsson úr KR.

Tviliðaleikur kvenna

Guðrún G. Björnsdóttir KR og Ragnhildur Sigurðardóttir Víkingi unnu Lilju Rós Jóhannesdóttur og Magneu J. Ólafu úr Víkingi.

Tvenndarleikur

Guðmundur E. Stephensen og Magneu J. Ólafu Víkingi unnu Kjartan Briem KR og Ragnhildur Sigurðardóttur Víkingi.

Fimmtánda meistararitillinn í röð

Guðmundur E. Stephensen hélt sigurgöngu sinni áfram á Íslandsmótinu í borðtennis og félagi hans úr Víkingi, Lilja Rós Jóhannesdóttir, tók upp þráðinn frá því fyrir fjórum árum og vann sinn áttunda titil.

BORÐTENNIS Ein allra magnaðasta sigurganga íslenskra íþróttanna hélt áfram í KR-heimilinu í gær þegar Guðmundur Stephensen vann Íslandsmeistararitillinn í einliðaleik karla fimmtánda árið í röð. Guðmundur hefur unnið þennan titil allar götur síðan 1994, þegar hann var aðeins 11 ára gamall, og hefur aðeins tapað tveimur af 45 lotum í síðustu tólf úrslitaleikjum sínum.

„Við unnum tvíliðaleikinn í ár þannig að ég bætti mig frá því í fyrra. Það er nú bara orðið létt andrúmsloft yfir úrslitaleiknum en ég má ekki slaka af mikið á og maður verður að spila,“ sagði Guðmundur eftir að fimmtánda Íslandsmeistararitillinn var í höfn. Guðmundur náði því einnig í tólfta sinn á þessum fimmtán árum að verða þrefaldur Íslandsmeistari, en hann vann tvíliðaleikinn með bróður sínum Matthíasi og tvenndarleikinn með Magneu Ólafu.

„Þetta er orðinn góður tími en ég er ennþá bara 25 ára þannig að ég á nóg eftir til þess að bæta við titlum. Það er samt ekkert mitt takmark að verða mesti Íslandsmeistari fyrr og síðar í íþróttum. Þetta er bara hending og þróadist svona. Það er ekki takmark að vinna Íslandsmótið lengur. Ég



ÍSLANDSMEISTARAR 2008 Guðmundur E. Stephensen og Lilja Rós Jóhannesdóttir, bæði úr Víkingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

spila bara fyrir Víking á þessu móti,“ sagði Guðmundur í léttum tón en hann vill þó ekki vera að montu sig mikið af þessu.

„Þetta er ekki titillinn sem ég

stefni mest á en það er gaman að spila á þessu móti. Það hefði verið gaman að fá að spila við litla bróður í úrslitaleiknum en hann hefði nú samt bara gefið leikinn strax,“

sagði Guðmundur í gríni en Matthías bróðir hans fór alla leið í sjöundu og oddalotu í undanúrslitaleiknum gegn Kjartani Briem.

Lilja Rós Jóhannesdóttir tók upp spaðann aftur og fagnaði sínum áttunda Íslandsmeistararitli á ferlinum.

„Þetta er eigilega smá endurkoma því það voru liðin fjögur ár síðan ég tók þátt í mótinu síðast. Ég var beðin um að koma aftur en ég ætlaði nú ekkert að gera það. Ég ætlaði að vera hætt en freistaðist síðan til þess að prófa. Það er svo langt síðan að maður var síðast í þessu að það var engin pressa á manni,“ sagði Lilja Rós sem vann Íslandsmeistara þriggja síðustu ára 4-0 í úrslitaleiknum.

„Þetta hefði ekki getað gengið betur. Guðrún er mjög sterk þannig að ég var stressuð fyrir leikinn en síðan hentaði þetta minni spilamennsku mjög vel og það gekk allt upp í úrslitaleiknum,“ sagði Lilja sem hefur eignast tvö börn milli Íslandsmeistararitla en þetta var í rauninni titilvörn því hún varð Íslandsmeistari þegar hún keppti síðast á mótinu árið 2004.

„Ég veit ekki hvort ég kem aftur á næsta ári. Ég er orðin svo gömul að ég verð bara að sjá til,“ sagði Lilja að lokum. oo@frettabladid.is

Alvöru dísil jeppi fyrir íslenskar aðstæður...



KYRON - fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif á kr. 3.790.000,-



...upplifðu kraft og fegurð

Hluti af staðalbúnaði.

Turbo dísil Intercooler
5 giru ZF sjálfskipting Side Tronic
ásamt 2 girum aftur á bak
3 föld C-bitagrind
Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn
A/C Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
Álfelgur
Þakbogar
Þokuljós
Loftkæling
Linsuáðalljós
Litaðar rúður
31" TOYO dekk

Byggður á grind - hátt og lágt drif

Leðurveltistýri / leðurgrírstöng
Cruise Control / Hraðastillir
Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
Aðgerðarstýri fyrir skiptingu
Útvarp/CD - 6 hátalalar.



Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bilasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasala Vesturlands
Sölbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasala Austurlands
Fagradsalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahornið hjá Sissa
Brekustíg 38
Sími 420 3300

SSANGYONG



Bilabúð
Benna
www.benni.is

Hversu hátt stefnir þú?

Hafðu lítið fyrir hlutunum! Í **Sjóðastýringu SPRON Verðbréfa** geturðu valið um þrjú fjárfestingarsöfn sem sérfræðingar hafa sett saman. Þú velur það safn sem þú telur að henti þér og þínum markmiðum og verðbréfasérfræðingar sjá síðan um að ávaxta sparnaðinn.




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

Meiri sveiflur, hærrí væntingar. Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf

Meðalársávöxtun 2006 og 2007 **16,79%**




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf

Meðalársávöxtun 2006 og 2007 **15,72%**




ÖRUGGA SAFNIÐ

Stöðug ávöxtun, lágmarks-sveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Meðalársávöxtun 2006 og 2007 **14,06%**



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

Everton fór upp að hlið Liverpool í 4. sæti ensku úrvalsdeildarinnar og West Ham steinlá einu sinni enn:

Þriðja jafnteflið í röð hjá toppliði Arsenal

FÓTBOLTI Topplið Arsenal náði aðeins markalaus jafntefli gegn Wigan í ensku úrvalsdeildinni í gær og Manchester United getur því náð eins stigs forskoti vinni liðið leikinn sem meistararnir eiga inni.

Leikur Arsenal var ekki sannfærandi í gær og liðið skapaði sér ekki mikið af færum. Emmanuel Adebayor og Cesc Fàbregas fengu bestu færin fyrir hlé og það kveikti ekki í liðinu að Robin van Persie kom inn á í seinni hálfleik og spilaði í fyrsta sinn í tvo mánuði. Þetta var þriðja jafntefli Arsenal í röð í deildinni en áður hafði liðið gert 2-2 jafntefli við Birmingham og 1-1 jafntefli við Aston Villa.

„Ég er viss um að við náum okkur á strik á ný en við erum

ekki að fá nógu mörg stig þessa dagana. Við þurfum bara að halda rónni, einbeitingunni og trúnni og þá hef ég trú á að liðið geti unnið titilinn,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, en liðið hefur nú tveggja stiga forskot á Manchester United og átta stiga forskot á Chelsea sem voru bæði upptekin í bikarnum og léku því ekki um helgina.

SVEKKELSI Mathieu Flamini og félagar í Arsenal hafa aðeins fengið þrjú stig af síðustu níu mögulegum. NORDICPHOTOS/GETTY



Andy Johnson tryggði Everton 0-1 sigur á Sunderland, en með því komst liðið aftur upp að hlið

nágranna sinna í Liverpool í baráttunni um fjórða og síðasta sætið inn í Meistaradeildina. „Þetta voru frábær úrslit eftir það sem við gengum í gegnum í vikunni. Það eru allir að segja að lið vinni ekki

leiki þegar þau koma til baka úr Evrópuferðum en við höfum afsannað það nokkrum sinnum í vetur,“ sagði David Moyes, stjóri Everton en liðið tapaði 0-2 fyrir Fiorentina í Evrópukeppninni í síðustu viku.

West Ham vörnir virðist vera í molum því liðið fékk á sig fjögur mörk þriðja leikinn í röð í 0-4 tapi fyrir Tottenham á White Hart Lane. Dimitar Berbatov skoraði tvö mörk fyrir Spurs sem lék manni fleira allan seinni hálfleik eftir að Luis Boa Morte fékk sitt annað gula spjald rétt fyrir hlé.

„Við vorum að spila við Chelsea, Liverpool og nú Spurs. Við gáfum þeim öllum heimskuleg mörk og þetta var hræðileg vika,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham. - 66j

ÚRLSITIN Í GÆR

Enska bikarkeppnin:

Middlesbrough-Cardiff 0-2
0-1 Peter Whittingham (9.), 0-2 Roger Johnson (23.).
Bristol Rovers-West Bromwich 1-5
0-1 James Morrison (16.), 0-2 Ishmael Miller (30.), 1-2 Danny Coles (32.), 1-3 Miller (69.), 1-4 Kevin Phillips (73.), 1-5 Miller (85.).

Enska úrvalsdeildin:

Sunderland-Everton 0-1
0-1 Andy Johnson (55.).
Tottenham-West Ham 4-0
1-0 Dimitar Berbatov (8.), 2-0 Dimitar Berbatov (10.), 3-0 Gilberto (85.), 4-0 Darren Bent (90.).
Wigan-Arsenal 0-0

Lengjubikarinn:

Fram-ÍA 2-1
0-1 Andri Júlíusson, 1-1 Jón Þorgrímur Stefánsson, 2-1 Henrik Eggerts.
Grindavík-Valur 1-4
0-1 Helgi Sigurðsson, 0-2 Helgi Sigurðsson, 0-3 Helgi Sigurðsson, 0-4 Helgi Sigurðsson, 1-4 Andri Steinn Birgisson, víti.
KA-Pröttur R. 1-0
1-0 Almar Ormarsson (73.).
Fjarðabyggð-HK 1-1
0-1 Miðja Brulc (5.), 1-1 Guðmundur Atli Stein Þórsson (75.).
KS/Leiftur-Pröttur R. 1-3
1-0 William Geir Þorsteinsson, 1-1 Carlos Bernal, 1-2 Hallur Hallsson, 1-3 Andrés Víhjálmsson.
FH-Fjölnir 4-0
1-0 Jónas Grani Garðarsson (20.), 2-0 Atli Viðar Björnsson (57.), 3-0 Tryggvi Guðmundsson (66.), 4-0 Tryggvi Guðmundsson (69.).
KR-Víkingur R. 4-0
1-0 Björgólfur Takefusa (10.), 2-0 Guðjón Baldvinsson (66.), 3-0 Guðjón Baldvinsson (89.), 4-0 Guðmundur Pétursson (90.).

Spænski fótboltinn:

Barcelona-Villarreal 1-2
0-1 Marcos Senna, víti (31.), 1-1 Xavi (67.), 1-2 Jon Dahl Tomasson (81.), Eður Smári Guðjohnsen sat allan tímann á bekknum.
Real Madrid-Espanyol 2-1
0-1 Valdo (29.), 1-1 Gonzalo Higuaín (43.), 2-1 Raúl, víti (72.).

Ítalski körfuboltinn

Aír Avellino-Lottomatica Roma 64-72
Jón Arnór Stefánsson skoraði 11 stig á 17 mínútum í sigri á bikarmeisturunum. Jón Arnór hitti meðal annars úr 3 af 4 þriggja stiga skotum sínum í leiknum.



FÖGNUMUR Cardiff sló Boro út í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Jón Arnór er þekkt andlit í Róm

Framkvæmdastjóri KKÍ og þjálfari A-landsliðsins heimsóttu atvinnumennina Jón Arnór Stefánsson og Loga Gunnarsson sem eru að gera það gott í ítalska og spænska körfuboltanum.

KÖRFUBOLTI Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ og Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari A-landsliðsins, heimsóttu þá Jón Arnór Stefánsson og Loga Gunnarsson um helgina og í síðustu viku og fóru yfir komandi landsliðsverkefni með leikmönnum sem og forráðamönnum félaga þeirra. Jón Arnór leikur með Lottomatica Roma í ítölsku úrvalsdeildinni en Logi með Farho Gijon í spænsku silfurdeildinni.

„Við höfum ekki gert neitt af því undanfarnin ár að fara á heimavelli strákanna sem hafa verið að spila úti. Þetta er byrjunin á því og eitt hvað sem þekktist hjá öðrum samböndum. Strákarnir eru líka mjög ánægðir og það kemur kapp í þá að fá einhverja í heimsókn til þess að sjá í hvaða umhverfi þeir eru. Það var líka markmiðið að ræða sumarið og haustið og sýna klúbbunum það að við viljum að þessir strákar séu með landsliðinu öllum stundum.“ Jón Arnór Stefánsson var ekki með íslenska liðinu síðastliðið haust vegna pressu frá félagi sínu en nú er staðan önnur. Friðrik Ingi var ánægður með ferðina.

Strákarnir eru spenntir

„Þetta hefur gengið ljómandi vel. Strákarnir eru mjög spenntir og finnst margt spennandi framundan og við erum bjartsýnir á að þetta gangi allt vel upp fyrir sumarið og haustið,“ segir Friðrik Ingi en allar líkur eru á að þeir Jón Arnór og Logi mun spila áfram með þessum liðum á næsta tímabili.

Þessi heimsókn mun því örugglega stuðla að því að strákarnir geti tekið þátt í undirbúningi landsliðsins fyrir B-deild Evrópukeppninnar sem hefst í haust.

„Jón Arnór verður áfram og Logi verður örugglega áfram ef liðið fer upp í LEB1 sem þeir eru að berjast um núna, því hann er með tryggðan samning takist liðinu það. Ef það gerist þá ætla hann að skoða sín mál og kanna markaðinn. Honum líður mjög vel þarna og þetta er mjög flott, höllin er stór og það er mikill körfuboltaáhugi í borginni enda er þetta lið sem var í efstu deild fyrir nokkrum árum síðan,“ segir Friðrik



JÓN ARNÓR STEFÁNSSON Spilar með Lottomatica Roma á Ítalíu. NORDICPHOTOS/AFF



LOGI GUNNARSSON Spilar með Farho Gijon á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



TILKOMUMIKIÐ Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, var ánægður með ferðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Ingi. Það hittist svo á að Logi eignaðist sitt fyrsta barn rétt á meðan þeir Sigurður og Friðrik Ingi voru í heimsókn.

Eignaðist sitt fyrsta barn

„Við ákváðum þennan tíma í samráði við þau og barnið átti ekki að koma þá. Svo þegar við vorum á flugvöllinum í Róm, á leiðinni til Madrid í milliflugi áður en við síðan flugum til Asturias, þá hringdi hann í mig og sagði að hún væri bara komin á fæðingardeildina og hann yrði þar svolítið mikið og vissi ekki hvað myndi gerast. Hann vildi endilega að við kæmum þannig að við héldum okkar striki og fórum til hans. Logi hleypti okkur inn í íbúðina sína og dreif sig síðan aftur á sjúkrahúsið. Hann kom síðan heim um nóttina sigurreifur enda nýbúinn að eignast stúlku,“ lýsir Friðrik Ingi sem er farinn að plana hópferð til Rómur.

„Það þarf að skoða það fyrir úrslitakeppnina hjá þeim í vor og eins fyrir næsta ár að fara með einhverja hópferð út til Róm og leyfa fólki að koma og sjá þetta. Þetta er mjög stór og mikill heimur hér í Róm og ég held að maður hafi ekki sjálfur áttað sig alveg á því hversu stórt og vinsælt þetta er,“ segir Friðrik Ingi sem segir Jón Arnór vera eitt af andlitum Lottomatica-liðsins.

„Jón Arnór er utan á stærstu adidas-búðinni í borginni. Hann hefur verið í myndatöku hjá adidas ásamt Del Rossi, miðju-manninum hjá fótboltaliðinu. Hann er þekktur og maður fann það þegar við löbbum með honum niður í bæ að fólk þekkti hann, vissi hver hann var og er að fylgjast með honum. Þetta er tilkomumikið og mjög gaman að upplifa þetta,“ sagði Friðrik Ingi að lokum.

oaj@frettabladid.is

Enska bikarkeppnin í fótbolta: Ár litlu liðanna

FÓTBOLTI Eftir sögulegan laugar dag í ensku bikarkeppninni héldu óvæntir hlutir áfram að gerast í gær þegar Cardiff sló út úrvalsdeildarliðið Middlesbrough.

Það er því ljóst að Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth eru eina úrvalsdeildarliðið í undanúrslitunum en þar eru líka 1. deildarliðin Cardiff, Barnsley og svo West Brom sem vann 5-1 stórsigur á Bristol Rovers á útivelli í gær.

Cardiff vann Middlesbrough 2-0 á útivelli þar sem bæði mörkin komu í fyrri hálfleik. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1927 að velskt lið er komið svona langt í bikarnum en það ár vann einmitt Cardiff bikarinn. Cardiff er aðeins í 14. sæti í ensku 1. deildinni.

Ishmael Miller skoraði þrennu fyrir West Brom sem er komið í undanúrslitin í fyrsta sinn síðan 1982. - 66j

16%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is





LOKAR TEIGNUM Signý Hermansdóttir hefur spilað vel með Val í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Signý Hermansdóttir í Val: Fyrst til að verja 100 skot

KÖRFUBOLTI Valskonan Signý Hermansdóttir varð á laugardaginn fyrsta konan sem nær að verja 100 skot á einu tímabili í efstu deild kvenna.

Signý varði 8 skot í 81-59 sigri Vals á Fjölni í lokaumferð Iceland Express-deildar kvenna og endaði því með 105 skot á tímabilinu. Signý bætti gamla metið um 33 skot en hún varði 5,83 skot að meðaltali í leik í vetur. Signý varði 45 skotum meira en næsti leikmaður í deildinni sem var Keflvíkungurinn Margrét Kara Sturludóttir.

Signý var að spila sitt fyrsta tímabil með Val í tólf ár en hún átti líka gamla félagsmetið þegar hún varði 54 skot tímabilið 1995-1996. Signý hefur alls varið 415 skot í 152 leikjum á ferlinum í 1. deild kvenna og er sá leikmaður sem hefur varið flest skot frá upphafi í deildinni.

- óóó



Föndurstofan.is

Föndurverslun

Námskeið

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari

Aldrei orðið vitni að öðru eins bulli

Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, var ekki ánægður með búlgarska dómara í sex marka tapi í fyrri leik Vals í áskorendakeppni Evrópu. Ágúst segir sínar stelpur þó enn eiga möguleika á að komast áfram.

HANDBOLTI Valskonur töpuðu með sex mörkum fyrir Merignac, 30-36, í fyrri leik sínum í átta liða úrslitum áskorendakeppni Evrópu í handbolta í Frakklandi í gær. Franska liðið var sjö mörkum yfir í hálfleik, 21-14.

„Við lentum í alveg ótrúlegri heimaðömgæslu. Ég hef farið í Evrópukeppni áður með Val og Gróttu/KR í karla en hef aldrei orðið vitni að öðru eins bulli.

Maður er nú oft tuðandi yfir döm-gæslu en ég hef aldrei séð annað eins,“ sagði Ágúst, en dómara-þarið kom frá Búlgaríu. „Við vorum að spila vel í fyrri hálf-

FRÁBÆR Eva Barna lék mjög vel með Valsliðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

leik þrátt fyrir alla þessa dóma og svo náðum við þessu niður í fjögur mörk í seinni hálfleik en vorum klaufar og fengum mark á okkur á lokasekúndunni. Þær skora líka beint úr fríkasti þegar tíminn var búinn í fyrri hálfleik og það eru svona hlutir sem eru mjög dýrir í svona leikjum.“

Ágúst hefur þó enn trú á sínum stelpum í seinni leiknum á Íslandi um næstu helgi. „Við eigum klárlega möguleika heima en þurfum þá að fá góðan stuðning áhorfenda. Þetta lið er alls

ekki mikið betra en við. Ef við ætlum að fara áfram þá þurfum við bæði að eiga góðan leik og fá góðan stuðning á þöllunum,“ sagði Ágúst.

Ágúst hrósaði sérstaklega þremur leikmönnum í Valsliðinu í gær. „Eva Barna var með níu mörk og spilaði frábærlega. Kristín Guðmundsson var líka mjög öflug og Hildigunnur Einarsdóttir stóð sig líka mjög vel og þá sérstaklega varnarlega.

Markvarslan var ekki alveg nægilega góð enda var varnarleikur okkar framan af leik ekki góður. Það var svakalega hátt tempó og mikill hraði í leiknum og oftar en ekki vorum við bara að spila mjög vel í leiknum en ótrúleg döm-gæsla í fyrri hálfleik gaf þeim ákveðið forskot. Það er ekkert flóknara en það,“ sagði Ágúst.

Í síðustu umferð vann franska liðið Spartak Kiev frá Úkraínu með sjö mörkum á heimavelli í fyrri leiknum en tapaði síðan með einu marki í seinni leiknum á úti- velli.

ooj@frettabladid.is



EKKI SÁTTUR Ágúst Jóhannsson var ósáttur með frammistöðu búlgörsku dómara í Frakklandi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mörk Vals: Eva Barna 9, Kristín Guðmundsdóttir 6, Hildigunnur Einarsdóttir 4, Ágúst Edda Björnsdóttir 3, Hafrún Kristjánsdóttir 3/3, Dagný Skúladóttir 2, Katrín Andrésdóttir 1, Kristín Collins 1, Rebekka Skúladóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði 11 skot og Jolanta Slapikiene varði 2 skot.

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

AÐALFUNDUR

Aðalfundur HF. Eimskipafélags Íslands 2008 verður haldinn þriðjudaginn 18. mars á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, og hefst kl. 17.00.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um meðferð taps félagsins á reikningsárinu
4. Ákveðin þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta starfsár
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
 - a. Breyting á 19. gr. Nýr 1. ml. „Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kosnir skulu árlega á aðalfundi en auk þess skulu 2 varamenn vera kjörnir árlega á aðalfundi.“
 - b. Breyting á 21. gr. Í stað „tveggja stjórnarmanna“ komi „meirihluti stjórnarmanna“.
 - c. Breyting á 4. gr. Nýr málslíður í 1. mgr. „Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða að hlutafé félagsins verði gefið út í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskra króna, telji stjórnin slíkt fýsilegt, sbr. heimild í 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal við umreiknum hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ.á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna.“
6. Stjórnarkjör
7. Kjör endurskoðenda
8. Tillögur um kaup á eigin hlutum
9. Önnur mál löglega fram borin

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út 13. mars kl. 17.00. Framboðum skal skila skriflega til stjórnar HF. Eimskipafélags Íslands, á skrifstofu forstjóra, Sundakletti, Korngördum 2-4, 104 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, 7 dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16.00 á fundarstað.

Stjórn HF. Eimskipafélags Íslands.

EIMSKIP



> Hilarie Burton

Það er skemmtileg staðreind að þegar Hilarie Burton, ein aðalleikona í þáttunum One Tree Hill sem Skjáreinn sýnir í kvöld, ólst upp Virginia-fylki var henni bannað að horfa á MTV-tónlistarsjónvarpsstöðvina. Seinna fékk hún starf hjá stöðinni og má segja að þar hafi frægðarsól hennar byrjað að rísa.



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VAR FLENGDUR AF KETTI

Þegar brjóstin á manni byrja að stækka

Lengi hef ég fullyrt að ég sé karlmenni. Ég hef brotið bein á slagsmálum. Ég fór í Smuguna og drap „norskan þorsk.“ Ég hef setið í fangaklefum í tveim löndum. Ég hef sofnað af vodkadrykkju í lest á rússneskum togara. Ég hef séð börn í Kringlunni sem líkjast mér óþægilega mikið.

En nú veit ég að allt þetta, og meira til, dugur einfaldlega ekki til. Maður verður að halda haus og sýna í verki að maður pissi standandi. Ég geri það reyndar daglega en margt annað hefur skolest til á síðustu misserum. Þessar breytingar kom hvað best í ljós þegar kemur að því að horfa á sjónvarp. Dæmisaga er víðeigandi í þessu samhengi og fer hér á eftir.

Síðastliðið miðvikudagskvöld voru stórleikir á dagskránni í meistaradeild Evrópu. Ég hugsaði mér gott til glóðarinnar. Keypti öl og bjórnetur og gerði mig líklegan til að njóta veislunnar. En ég var



ekki kominn úr skónum þegar kærastan tilkynnti mér það að hún ætlaði að horfa á „þáttinn sinn í kvöld.“ Þarna var hún að vitna til þáttarins Bláðurskjóða sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Gríðarlega vandað og úthugað sjónvarpsefni er þarna á ferðinni, sem hefur ekki bara skemmt-anagildi heldur er í senn fræðandi og uppbyggjandi. Þarna getur maður lært ýmislegt um samskipti kynjana og fóðun í Bandaríkjunum.

Stelpan og ég horfðum á þetta gæðaeefni á meðan Arsenal átti sinn besta leik í áratug. Vann AC Milan á útivelli. Stórkostleg skemmtun, segja félagarnir mér. Ég get ekki tekið undir með þeim því þegar Bláðurskjóða var búin þá horfðum við hjónakornin á þáttinn Fyrstu skrefin á Skjá einum.

Ég hef lengi haldið að ég sé að fitna upp úr öllu valdi því brjóstin á mér hafa stækkað ótrúlega mikið á síðustu þremur árum. En kannski er það ekki mataræðið sem ég þarf að endurskoða.

dagskrá

EKKI MISSA AF



► **17.45 Ensku mörkin** SÝN 2



► **20.10 House of Sand and Fog** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.20 American Idol** STÖÐ 2



► **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ



► **21.50 c.s.i.** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Hanna Montana

17.53 Skritin og skemmtileg dýr

18.00 Gurra grís

18.06 Lítil prinsessa

18.17 Halli og risaeðlufatan

18.30 Út og suður

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.20 Jörðin og náttúruöflin (2:5) (Earth - The Power of the Planet) Breskur heimildamyndaflokkur. Nánari upplýsingar um þáttaröðina er meðal annars að finna á vefslóðinni <http://www.plymouth.ac.uk/PlanetEarth>.

► **21.15 Glæpahneigð** (42:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvið lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið Í þættinum verður farið yfir víðburði helgarinnar í frótaheiminum.

22.45 Hvarf (2:8) (Cape Wrath) Breskur spennuflokkur með úrvalsleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fólku nafni en það getur verið erfitt að flylja fortíðina.

23.40 Spaugstofan

00.05 Kastljós

00.45 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.15 House of Sand and Fog

08.20 Spy Kids 3-D: Game Over

10.00 The Commitments

12.00 In Her Shoes

14.10 Spy Kids 3-D: Game Over

16.00 The Commitments

18.00 In Her Shoes Rómantísk gamanmynd með Cameron Diaz.

► **20.10 House of Sand and Fog** Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd.

22.15 Walker

00.00 Monsieur N.

02.05 Suspect Zero

04.00 Walker



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

08.10 Oprah (World Record Holders)

08.50 Í fínu formi

09.05 The Bold and the Beautiful

09.25 La Fea Más Bella

10.10 Studio 60 (10:22)

10.55 60 mínútur

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Shattered Glass

15.10 Numbers (5:24)

15.55 Barnatími Stöðvar 2 Galdrastelp-umar, BeyBlade, Litlu Tommi og Jenni, Froskafjör, Tracey McBean

17.28 The Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.55 Ísland í dag og íþróttir

19.30 The Simpsons (10:22)

19.55 Friends (24:24) (Vínir)

► **20.20 American Idol** (17:42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörmunna en fram að þessu hafa sigurveggarar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniinn Ryan Seacrest.

21.05 American Idol (18:42)

21.50 American Idol (19:42)

22.35 Crossing Jordan (12:17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur.

23.20 I'm not Rappaport Bíómynd sem gerð er eftir frægu Tony-verðlaunaleikriti Herbs Gardners.

01.35 Most Haunted (10:14)

02.20 Hustle (5:6)

03.15 Shattered Glass

04.50 Crossing Jordan (12:17)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SYN besta sætið

07.00 FA Cup 2008 (Bristol Rovers - West Brom)

13.20 FA Cup 2008 (Middlesbrough - Cardiff)

15.00 Spænski boltinn (Barcelona - Villarreal)

16.40 PGA Tour 2008 (PODS Championship) Útsending frá lokadegi PODS Championship sem fór fram á Tampa Bay í Flórída.

19.40 Formúla 1 Fjallað verður um frumsýningar Formúlu 1 liða á nýjum okutækjum. Þá verður rætt við okumenn, breytingar á reglum skoðaðar og nýjir keppnisstaðir skoðaðir.

20.20 Inside Sport

20.50 Ensku bikarmörkin

21.20 Þýski handboltinn Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimil Guðjónssyni.

22.45 World Supercross GP

23.40 Heimsmótaröðin í póker

SYN2

07.00 Wigan - Arsenal

14.25 Blackburn - Fulham

16.05 Wigan - Arsenal

► **17.45 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

19.15 Enska úrvaldeildin Útsending frá leik Reading og Man. City í ensku úrvaldeildinni.

21.00 Ensku mörkin

21.55 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvik í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

22.25 Tottenham - West Ham

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.20 Vörutorg

17.20 All of Us Fjölmíðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eigin konu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.

17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

18.30 Jay Leno (e)

19.15 Less Than Perfect (e)

19.45 Everybody Hates Chris (e)

20.10 One Tree Hill (5:18) Í þessum þætti verður horfið aftur í tímann og áhorfendur fá að sjá brot af því sem gerðist á síðustu fjórum árum í lífi aðalsöguheftanna. Lucas heimsækir Peyton í Los Angeles með tilboð sem breytir sambandi þeirra og Brooke verður að taka erfiða ákvörðun um framtíð fatalínu sinnar.

21.00 Bionic Woman (6:8) Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Berkut-hópurinn verður að starfa með CIA til að hand-sama hættulegan aðila sem selur nafnalista með starfsmönnum Berkut-hópsins og CIA. Jaime og Tom eru send til borgar ástarinnar, Parísar, til að endurheimta listann.

► **21.50 C.S.I.** (2:17) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Rannsóknardeildin kannar tvö óvenjuleg mál. Annað varðar dularfullt dauðsfall ökuþórs sem fór á go-cart kappakstursbíl út á þjóðveginn og það kostaði hann lífið. Hitt málið er morð sem framið er á nýjum veitingastað þar sem matargestir borða í myrkri.

22.40 Jay Leno

23.25 Dexter (e)

00.15 The Dead Zone (e)

01.05 Vörutorg

02.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: BÍÓ SIRKUS SIRKUS+

STÆRSTI SJÓNVARPS-ÞÁTTUR Í HEIMI

AMERICAN IDOL – Í KVÖLD KL. 20:20



skemmtilegri



Í KVÖLD

SÝN KL. 19.40

Formúla 1 – Sýn að tjaldbaki í Barcelona

Starfsmenn Sýnar dvöldu að tjaldbaki í Barcelona á æfingum keppnisliða síðustu daga, en það var liður í margslunginni þáttagerð sem stendur til hjá Sýn vegna Formúlu 1. Verið er að undirbúa fjölda nýrra þátta og sannkallaða kappakstursveislu vikuna fyrir fyrsta mót. Þá verður þáttur um frumsýningar keppnisliða, viðtöl við öikumenn og tæknimenn að tjaldbaki í Barcelona og fyrsti þátturinn af mörgum sem sýnir Formúlu 1 frá nýrri hlið, þáttur á mannlegu nótnum.



▶ VIÐ MÆLUM MED Jörðin og náttúruöflin Sjónvarpið kl. 20.20

Í þessum forvitnalega þætti er að þessu sinni fjallað um andrúmsloftið. Hér er farið upp í heiðhvolfið í orrustuþötu og til Síberíu og Argentínu, eins vindasamasta lands á jörðu, til að sýna hvað andrúmsloft jarðar er einstakt og nauðsynlegt lífverum hennar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Árla dags	06.40 Veðurfregnir	06.50	16.00 Síðdegisfréttir
Bæn	07.31 Morgunvaktin		16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir			16.13 Hlaupanótan
09.05 Okkar á milli			17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi			18.00 Kvöldfréttir
10.03 Veðurfregnir			18.25 Spegillinn
10.13 Stefnumót			18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd			19.00 Endurómur úr Evrópu
12.02 Hádegisútvarp			20.00 Leynifélagið
12.20 Hádegisfréttir			20.30 Stjörnuvíkingur
12.45 Veðurfregnir			21.20 Kvika
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar			22.07 Veðurfregnir
13.00 Vít og breitt			22.12 Lestur Passíusálma
14.03 Bak við stjórnurnar			22.18 Áfsprengi
15.03 Útvarpssagan: Sjosja			23.10 Lárétt eða lóðrétt
15.30 Dr. RÚV			00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 16.00 Hollyoaks
- 16.30 Hollyoaks
- 17.00 Totally Frank (24:26)
- 17.25 Falcon Beach
- 18.15 X-Files (13:24)
- 19.00 Hollyoaks
- 19.30 Hollyoaks
- 20.00 Totally Frank (24:26)
- 20.25 Falcon Beach
- 21.15 X-Files (13:24)
- 22.00 Pushing Daisies (5:9) Besti nýi þáttur vetrarins. Gagnrýnendur og blaðamenn eru á einu máli. Pushing Daisies er einn af þessum örfáu þáttum sem eru allt í senn einstaklega frumlegir, vandaðir, rómantískir, spennandi, myndnir og umfram allt skemmtilegir.
- 22.45 Cold Case (8:23) Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin.
- 23.30 Big Shots (2:11) Þættirnir fjalla um fjóra félagi sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnendur hjá stórfyrirtækjum. En þrátt fyrir að þeim gangi allt í hagnátt á frama-brautinni þá gengur ekki alltaf eins vel í einkalífnum, þar sem kröfur eru gjarnan óraunhæfar og ófgafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.
- 00.15 Sjáðu
- 00.40 Extreme: Life Through a Lens (5:13)
- 01.25 Lovespring International (10:13)
- 01.50 Big Day (10:13)
- 02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Mér finnst... Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir þáttarins eru Kolbrún Bergþórsdóttir og Guðrún Bergmann. Tekið er á mállefnum líðandi stundar á hispurslausan hátt.
- 21.00 Fókus á framhaldsskóla Nemendur við Menntaskólann í Hamrahlíð láta ljós sitt skína. Skólalífið er skoðað frá ýmsum hliðum.
- 21.30 Af lífi og sál Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins spjallar við áheyrendur eins og honum einum er lagið um lífið og tilveruna.

DR 1

- 10.00 Kender du typen? 10.30 Formiddag med Nis Boesdal 11.00 TV Avisen 11.10 21 Scndag 11.50 Aftenshowet 12.20 OBS 12.25 Slangejægeren 12.50 Diagnose søges 13.20 Saras køkken 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Flemmings Helte De Luxe 15.15 SKUM TV 15.30 Den lyserøde Panter 15.35 Naruto 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Tigerdyret og Plys 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren og Søren 19.00 Vores planet 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Mistænkt 4: Duft af mørke 22.40 OBS 22.45 Seinfeld 23.10 Smagsdommerne

NRK1

- 8.55 Frokost-tv 11.00 NRK nyheter 11.10 Balkongen 11.40 Grosvold 12.25 Åpen himmel 12.55 Med hjertet på rette staden 13.40 Dávgi - Urfolksmagasinet 14.00 Newton 14.30 Kim Possible 14.55 Biomangfold 15.05 Hannah Montana 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mine venner Tigerutt og Brumm 17.25 Bali 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Bedre puls 18.55 Faktor: Klown til fjells 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Sommer 21.30 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Columbo 23.50 Nytt på nytt 0.20 Kulturnytt 0.30 Sport Jukeboks

SVT 1

- 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.05 Vi hems-lavinnor 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bollbompá 17.20 Jasper Pingvin 17.30 Allt om djur 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Kungamordet 20.30 Kobra 21.00 Hillary och Bill 21.50 Rapport 22.00 Kulturmyheterna 22.15 Melodifestivalen 2008: Andra chansen 23.50 Vita huset



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smeltu þér á flugfelag.is



„Vá, ég hlusta á svo margt. Til dæmis diskinn Dót með Fræbbblunum ef ég vil vinna hratt og örugglega, en svo bara Dylan og Megas út í eitt.“

Gerður Bjarnadóttir, kjólameistari hjá Hnappi ehf.

Íslendingar flykkjast að á Amazon

Þegar íslenska krónan er jafn há gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hún hefur verið undanfarið eykst til muna netverslun Íslendinga í erlendum búðum. Stór hluti þessara kaupna fer fram í Amazon-netbúðinni, bæði þeirri amerísku og þeirri ensku. Þar kaupir fólk aðallega bækur, dvd-diska og tónlistardiska. Nú er svo komið að pósturinn er hættur að keyra út bréf sem eru undir tveimur kílóum og sendir í staðinn tilkynningu um að pakkann megi sækja á pósthúsið. „Þetta hefur nú ekkert með Amazon að gera heldur er þetta bara verklag sem hin Norðurlöndin hafa verið að taka upp að undanförunu og við byrjuðum á 1. febrúar,“ segir Anna

Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Póstsins. „Þó fellur slatti af Amazon-pökkum undir þetta viðmið. Ég hef svo sem engar tölur yfir það hversu stór prósentu af því sem fer í gegn hjá okkur er pantað frá Amazon, en það er stór hluti og alltaf að verða stærri. Krónan er búin að vera svo hagstæð lengi svo það er mikið keypt erlendis frá.“
En borgar þetta sig? Það er stóra spurningin. Krónan fer lækkanði svo nú eru kannski síðustu forvöð að nýta sér ástandið. Hjá Tollinum (tollur.is) er reiknivél sem hægt er að nota til að gera samanburð. Bækur eru tollfrjálsar en bera sjö prósentu

virðisaukaskatt, eins og tónlistardiskarnir. Þeir bera hins vegar tíu prósentu toll. Dvd-diskar eru líka með tíu prósentu toll og 24,5 prósentu virðisaukaskatt að auki. Tollur og vaskur er lagður á erlendu upphæðina með flutningskostnaðinum inniföldum. Ofan á allt saman leggur Pósturinn svo hið óvinsæla „tollmeðferðargjald“, 450 kall á hverja einustu sendingu, hvort heldur um er að ræða eina bók eða hundrað.



KASSAR FRÁ AMAZON Stór hluti af umsvifum Póstsins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. hæfileika 6. 999 8. matargeymsla 9. útdeildi 11. íþróttafélag 12. deyta 14. einkennis 16. tímaeining 17. gagn 18. kvenkyns hundur 20. búsmali 21. tuldur.

LÓÐRÉTT
1. göngulag 3. í röð 4. pensillín 5. dýrahljóð 7. köldusótt 10. fálæti 13. of lítið 15. bakhluti 16. stefna 19. mun.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. ngs. 3. ab. 4. fukkalyf. 5. nylt. 18. tilk. 20. fé. 21. taut.
LÁRÉTT: 2. gátt, 6. im, 8. búr, 9. gáf, 11. kr, 12. slæva, 14. aðals, 16. ár, 17. stél, 16. átt, 19. ku.

BJÖRGVIN OG BUBBI: MIÐAR Á DANMERKURTÓNLEIKA RJÚKA ÚT

Jeppi og traktor til sölu

„Ég er mjög ánægður og hamingjusamur með frábærar mótökur og viðbrögð,“ segir Björgvin Halldórsson en miðar eru að seljast upp á tónleika hans í Cirkus-tónleikahöllinni í Kaupmannahöfn 24. apríl. Í höllinni, sem tekur 900 manns í sæti, kemur Björgvin fram ásamt strengjasveit Sinfóníuhljóm-sveitar konunglegu óperunnar í Kaupmannahöfn og fleiri listamönnum.

„Þetta er glæsilegt hús. Það vantar svona hús hérna þar sem hægt er að sitja, horfa á tónleika og dansa og borða,“ segir Björgvin sem hlakkar mikið til. „Þetta verður æðislega gaman. Ég verð með gott fólk með mér og það er ógrandi að gera svona.“

Bubbi Morthens verður einnig með tónleika í Köben 18. október í samstarfi við Iceland Express, höfuðkeppninaut Icelandair sem selur pakkaferðir á tónleika Björgvins. Tónleikar Bubba verða á staðnum Falconer Salen, sem tekur 2.000 manns, og hafa nokkur hundruð miða selst hjá Iceland Express á aðeins rétt rúmri viku.

Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem Björgvin og Bubbi fylgjast að því fyrir tveimur árum héldu þeir báðir tónleika í Laugardalshöll, Björgvin með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands á meðan Bubbi hélt afmælistónleika sína. Um síðustu jólf spiluðu þeir síðan aftur í Höllinni, Björgvin á jólatónleikum á meðan Bubbi hélt nýárstónleika með Störsveit Reykjavíkur.

Spurður hvort Bubbi sé að herma eftir honum með tónleikum sínum í Danmörku hlær Björgvin. „Hann á ættir sínar að rekja til Skandinavíu. Þetta er bara spennandi. Ætli við séum ekki að reyna að sýna Dönun rétta andlitið á Íslendingum og rétta af orðsporinu sem fer af okkur þarna með ljúfum tónum.“ Björgvin vill heldur ekki meina að þeir séu að berjast um tónleikagesti. „Bubbi er búinn að koma oft fram í Kaupmannahöfn og á örugglega fullt af aðdáendum þar.“

Sigurður K. Kolbeinsson, hjá www.koben.is sem skipuleggur



BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Björgvin hlakkar mikið til að stíga á svið í Cirkus-tónleikahöllinni í Kaupmannahöfn.

tónleika Björgvins, segir ekki hægt að líkja þeim við Bubba-tónleikana. „Þetta er bara eins og munurinn á að selja flottan jeppa eða traktor. Þetta er konsert í bíósal hérna úti í bæ þar sem fólk situr bara í úlpunum og horfir á Bubba,“ segir hann. „Hann er mjög góður út af fyrir sig og ég dreg ekkert dul á að hann er topplistamaður. En við erum að gera allt öðruvísi hluti. Við erum með „dinner-sjón“ og fólk mætir í sínu finasta tau og svo er dans til klukkan tvö um nóttina. Það er ekki hægt að líkja þessu saman.“

Sigurður, sem skipulagði einnig tónleika Salarinnar og Stuðmanna í Kaupmannahöfn í fyrra, er þegar farinn að undirbúa nýja tónleika á næsta ári og ætlar sér greinilega stóra hluti í framtíðinni með íslenskum tónlistarmönnum.

frey@frettabladid.is

BUBBI MORTHENS
Bubbi heldur sína tónleika 18. október í samstarfi við Iceland Express.



VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

NÝ VERSLUN
BARNAFÖT OG GIAFAVARA

við vorum að opna verslun okkar að

LAUGAVEGI 27

Plötusnúðurinn Baldur Héðinsson er tilnefndur í kosningu um besta plötusnúð Boston-borgar annað árið í röð. Það er vikublaðið The Phoenix sem stendur fyrir kosningunni, en Baldur fór einmitt með sigur af hólm í henni fyrir ári.

„Þetta virðist ætla að verða árlegur viðburður,“ segir Baldur og hlær við. Svo vill til að tveir af hinum fjórum plötusnúðunum sem hljóta tilnefningar blaðsins eru ágætis vinir hans. „Þetta er tiltölulega vinalagt, en það er ljóst að bræður munu berjast,“ segir hann kíminn. Baldur segir tónlistarsenuna ytra hafa breyst töluvert. „Ég spila mest eitthvað sem myndi kallast minimal teknó og elektró-house, tónlist sem Íslendingar þekkja örugglega af Sirkus, Kaffibarnum og Barnum. Þetta er farið að heyrast miklu meira hérna úti núna,“ segir hann.

Baldur kíkir reglulega heim á Klakann og

OPÍÐ Í DAG
frá kl 11 - 18

RUMPU TUSKI
Laugavegi 27 (bakhús) ☎ 552 7722
www.rumputuski.is

DJ Baldur er ennþá vinsæll í Boston

Plötusnúðurinn Baldur Héðinsson er tilnefndur í kosningu um besta plötusnúð Boston-borgar annað árið í röð. Það er vikublaðið The Phoenix sem stendur fyrir kosningunni, en Baldur fór einmitt með sigur af hólm í henni fyrir ári.

„Þetta virðist ætla að verða árlegur viðburður,“ segir Baldur og hlær við. Svo vill til að tveir af hinum fjórum plötusnúðunum sem hljóta tilnefningar blaðsins eru ágætis vinir hans. „Þetta er tiltölulega vinalagt, en það er ljóst að bræður munu berjast,“ segir hann kíminn. Baldur segir tónlistarsenuna ytra hafa breyst töluvert. „Ég spila mest eitthvað sem myndi kallast minimal teknó og elektró-house, tónlist sem Íslendingar þekkja örugglega af Sirkus, Kaffibarnum og Barnum. Þetta er farið að heyrast miklu meira hérna úti núna,“ segir hann.

Baldur kíkir reglulega heim á Klakann og



TILNEFNDUR Í ANNÐ SINN Baldur Héðinsson er aftur tilnefndur í kosningu um besta plötusnúð Boston-borgar, en hann bar sigur úr þýtum í kosningunni í fyrra.

notar þá oft en ekki tækifærið til að spila fyrir landsmenn, stundum í félagi við bróður sinn. „Hann og systir mín eiga það bæði til að kippa í plötur. Bróðir minn gengur undir nafninu DJ Skeletor, sem einhverjir ættu að kannast við. Systir mín er hins vegar að stíga fyrstu sporin í þessu,“ útskýrir Baldur, sem útilokar því ekki þrefalt systkinagigg í framtíðinni.

Hann stundar nú doktorsnámi í hagnýtri stærðfræði við Boston University, og býst við að ljúka því á næstu einum, tveimur árum. Hvað þá tekur við segir hann enn óljóst. „Það er margt spennandi að gerast heima, en svo er líka alltaf eitthvað í boði úti í heimi sem maður hefur ekki prófað,“ segir Baldur.

Kosning The Phoenix stendur yfir til 20. mars, að sögn Baldurs. Nánari upplýsingar er að finna á www.thephoenix.com.


FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljóm-sveitin **HAM** er tvítug í dag, rétt eins og **Sálin hans Jóns mins**. Þessar ólíku stórhljóm-sveitir spiluðu báðar í fyrsta sinn á sama blettinum kvöldið 10. mars 1988; HAM í Tunglinu, Sálin undir þeim í Biókjallaranum. Á meðan Sálin blæs nú til afmælisveislu heyrst ekki múkk frá HAM, enda segir söngvarinn **Sigurjón Kjartansson** það spurningu hversu kúl það sé að halda upp á svona stórafmæli. Hann er nú staddur á




Tenerife þar sem hann slappar af og skrifar nýja sjónvarpsþætti. Hann segir hvergi betra að skrifa um íslenskan raunveruleika.

Margar helstu hefðarfrúr landsins lögðu leið sína í fjáröflunarkvöldverð Unifem á Íslandi í Frímúrarahúsinu á laugardagskvöldið, en miðaverð var 70 þúsund krónur. Á meðal kvöldverð-argesta voru **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra, frú **Vigdís Finnbogadóttir**, sem var heiðursgestur kvöldsins, **Dorrit Moussaieff**, fatahönnuðurrinn **Steinunn Sigurðardóttir**, fjölmiðlakonurnar **Inga Lind Karlsdóttir** og **Andrea Róberts**, stílistinn **Agnieszka Baranowska**, **Disa í World Class**, og **Kristín Ólafsdóttir**. Gestirnir, sem voru um 250 talsins, klæddust flectallir hvítu, enda hvítt þema á kvöldverðinum.



Að kvöldverði loknum lögðu þær skemmtanagjöðustu leið sína á La Primavera, þar sem dansað var fram eftir nóttu. Þar var karlmönnum leyft að taka þátt í gleðinni, sem **Björn Hlynur Haraldsson** nýtti sér þegar hann mætti með konu sína, **Rakel Garðarsdóttur**, upp á arminn. **Björgólfur Thor Björgólfsson** skaut einnig upp kalli á La Primavera, mögulega á leið heim frá árs hátíð Landsbankans sem haldin var í Egilshöll sama kvöld.



Að kvöldverði loknum lögðu þær skemmtanagjöðustu leið sína á La Primavera, þar sem dansað var fram eftir nóttu. Þar var karlmönnum leyft að taka þátt í gleðinni, sem **Björn Hlynur Haraldsson** nýtti sér þegar hann mætti með konu sína, **Rakel Garðarsdóttur**, upp á arminn. **Björgólfur Thor Björgólfsson** skaut einnig upp kalli á La Primavera, mögulega á leið heim frá árs hátíð Landsbankans sem haldin var í Egilshöll sama kvöld.



Þ V O T T A

6.-14.
MARS

D A G A R

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

TILBOÐSVERÐ

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR

UPPÞVOTTA-
VÉLAR

15% afsláttur



ÁN EFA
EFTIRSÓTTASTA
PAR LANDSINS sl. 3 ár!

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg
- Vinduhræði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg
- Fjöldi prógramma



TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ



AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 64810 ÍSLAND

- Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.



AEG þurrkari

LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma



AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 52820

- 1200 snúninga • 6 kg.



AEG þurrkari

LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur
- Fjöldi prógramma

TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ

TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ

Íslenskt
stjórnborð
og ítarleg
notendahandbók
á íslensku fylgir
okkar vélum.

ORMSSON

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

www.ormsson.is

**UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT**



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar

Sakamenn og sjentilmenn!

Björgólfsfeðgar í mál við dæmdan dópsmyglara“. Segir í stórrí fyrirsögn á fréttamiðlinum visir.is. Svo kemur fréttin: „Eignarhaldsfélagið Vatn og land sem er í eigu Björgólfsfeðga hefur höfðað mál á hendur Ársæli Snorrasyni. Ársæll var í október á síðasta ári dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir fíkniefnasmygl í BMW málinu svokallaða. Björgólfsfeðgar hafa nú stefnt Ársæli fyrir dóm vegna vangoldinnar húsaleigu en hann býr í húsi við Laugaveg sem er í eigu félagsins.“ „Ársæll var eins og áður segir dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir aðild sína að BMW málinu en í því voru 15 kíló af amfetamíni og 10 kíló af hassi flutt til landsins í bensíntanki BMW bifreiðar. Áður hafði hann hlotið dóm í Hollandi fyrir fíkniefnasmygl. Hann bíður nú afplánunar eftir því sem Vísir kemst næst.“

PETTA er athyglisverð frétt og rifjar upp þá ljótu hluti sem gerast stundum í fasteignabransanum og ég hef skrifað um áður: Peningamenn fela fasteignasölum að sölsa undir sig eignir með öllum tiltækum ráðum. Vinsælt er þá að kaupa íbúð í fjölbýlishúsi, afhenda hana síðan til afnota fyrir vímuefnaneytendur. Láta það síðan berast meðal íbúðaeigenda að íbúðir hækki ekki í verði við að hafa svona fólk í húsinu og geti orðið með öllu óseljanlegar.

FÓLK kann ekki að takast á við glæpamenn og lætur undan þrýstingi fasteignasalans. Þegar fasteignasalanum hefur með þvingunum og hótunum tekist að komast yfir tiltekna fasteign fer hann á fund húsbónda síns, vammblauss viðskiptajöfurs sem tekur við eigninni. Hinum stórhuga mannvini og athafnaskáldi sem eignast svona fasteign klæjar í fingurna eftir því að geta látið framfarir hefjast. Aðeins eitt er eftir. Það er að koma út leigjendunum sem voru settir inn í hjallinn til að fæla burt húseigendur. Það er ekkert mál. Til þess höfum við dómstóla.

VÍKJUM NÚ aftur að fréttinni hérna í upphafi sem auðvitað tengist svona ribbaldahætti ekki nokkurn skapaðan hlut. En af því að allir eiga nú að vera jafnir fyrir lögnum finnst mér að blaðamenn sem telja við hæfi að rifja upp sakaveril einhvers málsaðila eigi að rifja upp sakaskrá allra sem að málinu koma. Ekki bara þeirra fátæku.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
10. mars, 70. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 8.03	13.38	19.15
Akureyri 7.49	13.23	18.57

Heimild: Almanak Háskólans

NISSAN NOTE
EINSTAKLEGA RÚMGÓÐUR

Pú færð nýjan bíl afhentan fyrir páska

Nissan Note
Verð frá: **1.890.000 kr.**

Nissan Note hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir Note að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki.

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammislenka pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrímsýri 2a, 575 1460 Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON